



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólaárið 2009-2010

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2010

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Tölulegar upplýsingar	4
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið	5
4. Nýjungar	6
4.1. Þátttaka í átakinu Ungt fólk til athafna	6
4.2. Úttekt Menntamálaráðuneytis á skólanum	7
4.3. Sparnaðaraðgerðir	8
5. Ýmsar upptakur	8
5.1. Busavígsli	8
5.2. Göngudagurinn	8
5.3. Heilsuvika	8
5.4. Heimsóknir erlendis frá	8
5.5. Utanlandsferðir nemenda	9
5.6. Þemadagar	9
5.7. Starfshlaup	9
5.8. Ýmsar keppnir	10
5.9. Gjafir til skólans	11
6. Skýrsla matsnefndar	11
7. Skýrslur sviðsstjóra	12
7.1. Málasvið	12
7.2. Raungreinasvið	14
7.3. Samfélagssvið	15
7.4. Tæknisvið	17
7.5. Starfsbraut 1	18
7.6. Starfsbraut 2	24
8. Skýrsla bókasafns	33
9. Skýrsla námsráðgjafa	35
10. Skýrsla kvöldskóla	40
11. Skýrsla hjúkrunarfræðings	41

12.	Skýrsla forvarnarfulltrúa.....	42
13.	Skýrsla félagslífsfulltrúa.....	42
14.	Skýrsla stjórnar NFS.....	43

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir skólaárið 2009-2010. Farið er í tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, uppákomur og nýjungar í skólasterfinu. Samantektarskýrslur sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, forvarnarfulltrúa, hjúkrunarfræðings, félagslífsfulltrúa og stjórnar nemendafélags eru hluti af skýrslunni.

Skólasterfið gekk sinn vanagang þetta ár og engar stórvægilegar breytingar voru gerðar. Kristján Ásmundsson, aðstoðarskólameistari, var settur skólameistari þar sem Ólafur Jón Arnbjörnsson var áfram í leyfi og Guðlaug Málfríður Pálsdóttir, áfangastjóri, var settur aðstoðarskólameistari. Elín Rut Ólafsdóttir, námsráðgjafi, og Ægir Karl Ægisson, kennari, skiptu með sér starfi áfangastjóra.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2009

Kennsla á haustönn hófst 21. ágúst. Nýnemar voru þó boðaðir á sérstakan nýnemadag sem haldinn var í þriðja sinn 18. ágúst og gekk vel. Dagskólanemendur sem hófu nám voru 1085 talsins, kvöldskólanemendur 110 og grunnskólanemendur um 150 í sex mismunandi fögum. Alls útskrifuðust 52 nemendur þann 19. desember. Starfsmenn við skólann voru 90 þessa önn, þar af 79 kennarar. Sjö nýir kennarar voru ráðnir í upphafi annar, Anna Rögnvaldsdóttir á starfsbraut, Baldur Garðarsson í stærðfræði og raungreinum, Björgvin Jónsson í rafiðngreinum, Gustavo Manuel Peres Deniz í spænsku, Jón Gunnar Schram í stærðfræði, Ólöf Jónsdóttir í dönsku og Marta Goðadóttir í íslensku, auk þess sem Krístrún Guðmundsdóttir, íslenskukennari kom aftur til starfa eftir nokkurt hlé. Tveir aðrir starfsmenn voru ráðnir en það eru þau Hulda Oddsdóttir á skrifstofu en Hansína Guðmundsdóttir hætti til að fara í nám, og Guðbjört Ingólfsdóttir þroskaþjálfari á starfsbraut. Auk þeirra voru fjórir stundakennarar á önninni. Sigurður Ingi Kristófersson í stærðfræði, Anna Kristjana Egilsdóttir í ensku, Ásdís Björk Pálmadóttir í hárgreiðslu og Hanna Vilhjálmisdóttir í textílgreinum. Þá fóru Guðlaug Sunna Gunnarsdóttir, námsráðgjafi, og Harpa Kristín Einarsdóttir, náttúrufræðikennari í fæðingarorlof. Þau Ingibjörg Böðvarsdóttir, Guðmundur Ingi Jónsson og Starkaður Barkason hættu störfum við skólann. Verktakafyrirtæki sáu um ræstingu og mötuneyti eins og undanfarin ár.

Vor 2010

Skólasterf hófst á vorönn með töfluaafhendingu 5. janúar. Kennsla hófst svo 6. janúar. Á önninni voru um 998 nemendur í dagskóla, um 80 í kvöldskóla og um 140 grunnskólanemendur í einstökum áföngum í skólanum. Alls útskrifuðust 86 nemendur þann 22. maí. Starfsmenn við skólann voru 88 þessa önn, þar af 76 kennarar. Tveir kennarar létu af störfum um áramót, þau Baldur Garðarsson og Marta Goðadóttir. Helga Valey Erlendsdóttir

starfaði sem ráðgjafi hluta af önninni. Námsráðgjafarnir Sunna Gunnarsdóttir og Sesselja Bogadóttir voru báðar í barneignarfríi á þessari önn og um miðja önnina fylgdi Hanna María Kristjánsdóttir, kennslustjóri í fótspor þeirra. Þá var Ásta Birna Ólafsdóttir kennari í leyfi á önninni. Tveir starfsmenn bættust í hópinn um miðja önnina, Sigbjörn Hlynur Guðjónsson kom til starfa sem stuðningsfulltrúi á starfsbraut og Ragnheiður G. Eyjólfsdóttir hafði umsjón með hópi atvinnuleitenda sem hóf nám í skólanum í samvinnu við Vinnumálastofnun. Verktakafyrirtæki sáu um ræstingu og mötuneyti líkt og verið hefur.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Þá voru nokkrir vinnufundir haldnir vegna vinnu við námskrárbreytingar í kjölfar nýrra framhaldsskólalaga sem samþykkt höfðu verið. Stjórnendur fóru reglulega á fundi hjá Félagi framhaldsskóla (FÍF) og funduðu einnig með stjórnendum tveggja samstarfsskóla FS: FSU og FVA. Aðal verkefni skólanna þriggja um þessar mundir er að skipuleggja nýjar námsbrautir en samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum fá framhaldsskólar meira frjálsræði í þeim efnum.

Kennarar sóttu fjölbreytt námskeið og ráðstefnur á skólaárinu. Stjórnendur fóru á tveggja daga námskeið á vegum FÍF um sjálfbærni í skólastarfi.

Haust 2009

Önnin hófst með kennarafundi og fyrirlestri þeirra Ívars Rafns Jónssonar og Guðrúnar Ragnarsdóttur, kennara við Borgarholtsskóla. Þar sögðu þau frá starfendarannsóknum sem þau hafa framkvæmt og frá samstarfi kennara um slíkar rannsóknir í sínum skóla. Fyrirlesturinn vakti áhuga kennara og í framhaldi tóku nokkrir kennarar sig saman um að mynda eins konar umræðuhóp um starfendarannsóknir sem þeim langaði að framkvæma í kennslu.

Kynningarfundur með foreldrum yngri nemenda var haldinn 10. september á sal skólans. Auk hefðbundinnar dagskrár var foreldrafélag skólans stofnað. Um 180 foreldrar mættu á fundinn og var 6 manna stjórn kosin en Stefanía Valgeirsdóttir var kjörin formaður félagsins.

Björg Pétursdóttir frá menntamálaráðuneytinu kom í heimsókn á kennarafund 11. nóvember og kynnti þrepaskiptingu og fleiri nýjungar í tengslum við innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga.

Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri ICI, hélt framhaldsnámskeið í kennsluaðferðum samvirks náms fyrir kennara sem þegar höfðu farið á námskeið hjá henni í CLIM kennsluaðferðinni. Námskeiðið var haldið í tengslum við Leonardo verkefni sem skólinn er aðili að.

Vor 2010

Önnin hófst með kennarafundi og fyrirlestri Þórkötlu Aðalsteinsdóttur, sálfræðingi, um agamál og hvernig kennarar geta tekið á slíku. Mikil ánægja var með fyrirlesturinn á meðal kennara. Í framhaldi var haldinn vinnufundur kennara þar sem agamál voru rædd og hugmyndir varðandi það hvernig best er fyrir kennara að taka á agavandamálum í kennslustundum. Niðurstöður fundarins voru svo settar saman í einskona handbók fyrir kennara í meðferð agamála. Er hún aðgengileg á innri vef skólans.

Miðvikudaginn 7. apríl, funduðu kennarar skólans með kennurum framhaldsskólanna á Selfossi og Akranesi. Tilgangurinn var að ræða nýja námskrá sem gera þarf samkvæmt nýjum lögum um framhaldsskóla. Auk þess ræddu kennarar ýmis málefni og báru sig saman en þessir þrír skólar hafa lengi verið í samstarfi á ýmsum sviðum.

Á önninni var stofnuð nefnd kennara og nemenda til þess að endurskoða skólareglurnar og lagði hún fram drög að nýjum reglum fyrir annarlök.

Þann 27. apríl kom Eypór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun á sal FS og flutti fyrirlesturinn „Við deyjum öll úr stressi“ . Foreldrafélag FS stóð fyrir uppákomunni og var hún vel sótt.

4. Nýjungar

4.1. Þátttaka í átakinu Ungt fólk til athafna

Félags- og tryggingamálaráðuneytið fól Vinnumálastofnun að setja saman úrræði fyrir ungt fólk án atvinnu, viðmiðunaraldur þátttakenda í þessum úrræðum var 18-24 ár. Úrræðin voru sett af stað í samstarfi við ýmsar menntastofnanir s.s. framhaldsskóla, símenntunarstöðvar og tölvuskóla, og voru kynnt undir yfirskriftinni Ungt fólk til athafna þar sem markmiðið var að virkja þennan aldurshóp til náms eða starfsþjálfunar.

Á vorönn 2010 varð FS þátttakandi í þessu úrræði með svokölluðu Námsstilboði 1. Námskeiðsform þetta hafði aldrei áður verið í boði og hér var um algera frumraun að ræða á samstarfi Vinnumálastofnunar og skólans. Námið var skipulagt þannig að þátttakendur fengu 40 daga kennslu eða um 245 kennslustundir og samanstóð af 15 bóklegum tímum, 5 verklegum og 3 tímum í tölvukennslu á viku. Þau fög sem allir nemendur sátu voru: félagsfræði, íslenska, stærðfræði og tölvur, þar sem helst var lögð áhersla á félagslega færni s.s samfélagsvitund, tjáningu, gerð ferilskráa og þess háttar. Þátttakendum var svo boðið val um annars vegar textíllínu, þar sem verkleg kennsla í hannyrðum, handverki og hárgreiðslu var boðin, og hins vegar verkþjálfunarlínu, þar sem boðið var uppá kennslu í rafiðn, trésmíði og málmsmíði.

Fjöldi þátttakenda sem innritaðist í Námsleið 1 var 21 (11 konur og 10 karlar) en einn þátttakandi hóf þó aldrei nám. Val þátttakenda milli textíllínu og verkþjálfunarlínu varð

algerlega kynjaskipt, þ.e. kvenkynspátttakendur völdu textíl og karlkynspátttakendur völdu verkþjálfun. Kennsla hófst þann 8. mars og var námskeiðinu lokið 14. maí 2010.

Í lokinn töldust 18 hafa lokið náminu. Þar sem ákveðið var að ljúka námskeiðinu ekki á hefðbundinn hátt, með lokaprófum eða -verkefnum líkt og um almennt framhaldsskólanám væri að ræða, var einungis hægt að leggja huglægt mat á frammistöðu þátttakenda. Hópurinn samanstóð af ólíkum einstaklingum sem kunnu eins og gefur að skilja misvel að meta það sem í boði var. Sumir áttu frekar heima í verklegum greinum en bóklegum og öfugt. Sumir þátttakenda luku námskeiðinu með afar góða mætingu, kvenþátttakendur voru þó með sýnilega betri mætingu en karlþátttakendur.

Nemendur fengu til dæmis tilsögn við gerð ferilskrár og voru í kjölfarið hvattir til að sækja um sumarstörf og láta reyna á þekkingu sína. Við lok námskeiðs höfðu allir karlkynspátttakendur fengið loforð um sumarstarf nema einn. Fleiri kvenkynspátttakendur voru þó enn án atvinnu við lok námskeiðs. Viðhorfsbreyting þátttakenda var sá ávinningur námskeiðsins sem var hvað mest áberandi. Verkefnastjóri tók saman ítarlega skýrslu um verkefnið.

Ragnheiður Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri Námstilboðs 1, tók saman.

4.2. Úttekt Menntamálaráðuneytis á skólanum

Í apríl og maí 2010 fór fram úttekt og mat á starfsemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Markmið með úttektinni var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi skólans. Við matið var einkum lögð áhersla á skoða eftirfarandi þætti skólastarfs: stefnu skóla og stjórnun, stoðþjónustu, aðstöðu nemenda og kennara, kennsluhætti, þróunarstarf, samskipti og starfsanda, viðhorf nemenda og starfsfólks til skólastarfsins, svo og menntun kennara. Jafnframt var lagt mat á hvernig innra mati skólans er hagað og hvernig það nýtist til umbótastarfs.

Guðrún Geirsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir sáu um framkvæmdina. Til að afla gagna við matið voru tekin viðtöl við fulltrúa ólíkra hagsmunahópa, farið í vettvangsheimsóknir í skólann á skólatíma og rýnt í rituð gögn frá skólanum og menntamálaráðuneyti.

Helstu niðurstöður eru þær að mati rannsakenda að Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur margt sér til ágætis. Starfsfólki og stjórnendum skólans er annt um að sinna sem best þörfum þess samfélags sem að skólanum stendur. Námsframboð er fjölbreytt og metnaðarfullt og stöðugt er leitað leiða til að bjóða upp á nám sem tekur mið af þörfum nemenda og atvinnulífs á svæðinu. Starfsfólki er umhugað um nemendur, vill styðja við þá og leitast við að veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa. Stjórnun skólans er styrk og starfsfólk og nemendur telja samskipti til fyrirmyndar. Breidd skólans og sérstaða er í senn styrkur hans og veikleiki. Ítarleg skýrsla var unnin um úttektina og er hún aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins.

4.3. Sparnaðaraðgerðir

Í lok vorannar 2009 ræddu starfsmenn skólans hvernig hægt væri að spara í skólastarfinu án þess að það kæmi niður á gæðum kennslu eða þjónustu við nemendur. Ákveðið var að taka höndum saman og spara markvisst pappír, ritföng og rafmagn. Kennarar og aðrir starfsmenn eru farnir að setja meira af gögnum á netið og slökkva t.d. ljós í kennslustofum og skrifstofum þegar enginn er þar. Komið hefur í ljós að spara má umtalsverðar fjárhæðir með þessum aðgerðum og verður þeim haldið áfram.

5. Ýmsar upptakomur

5.1. Busavígslan

Vígsla nýnema fór fram 28. ágúst og gekk fyrir sig á hefðbundinn hátt, busarnir voru merktir um morguninn og settar ákveðnar umgengnisreglur. Síðan var öllum busunum smalað út á bílastæði skólans þar sem krakkarnir fengu ýmislegt góðgæti að smakka m.a. lýsi og hákarl. Þar aðstoðaði slökkvilið bæjarins við að bleyta í þrautabraut sem nemendafélag skólans hafði sett upp. Eftir þrautagönguna töldust busarnir komnir í eldri nemenda tölu. Í lokinn var síðan boðið uppá pítsuveislu. Um kvöldið var heljarmikið ball haldið í húsnæði á Vallarheiði. Eiga útskriftarnemendur og stjórn nemendafélagsins þakkir skildar fyrir skipulagið og framkvæmdina.

5.2. Göngudagurinn

Gert hafði verið ráð fyrir að halda hinn árlega göngudag í kringum 9. september en sökum leiðinlegs veðurs varð því miður ekkert af honum þetta skólaárið.

5.3. Heilsuvika

Heilsuvika var haldin í Reykjanesbæ dagana 21.-25. september og tók skólinn þátt í henni. Áherslan var lögð á geðheilbrigði og fengum við gesti frá Hugarafli og Björginni, geðræktarmiðstöð Suðurnesja.

5.4. Heimsóknir erlendis frá

Fyrir hluta septembermánaðar voru átta nemendur frá Slóvakíu í heimsókn hjá nemendum skólans en hópurinn dvaldist hér í þrjár vikur ásamt tveimur kennurum sínum. Í sumar fór jafnstór hópur héðan til Slóvakíu og dvaldist þar í þrjár vikur. Hóparnir hafa verið að vinna að gerð orðabókar í heilbrigðisfræði sem verður aðgengileg á netinu. Slóvakísku nemendurnir gistu hjá íslenskum félögum sínum og kynntust þannig lífinu hjá íslenskum fjölskyldum. Tíminn var vel nýttur til að kynna gestunum land og þjóð.

Í byrjun nóvember hittust kennarar frá sex Evrópulöndum hér í FS en þá fór fram fyrsti fundur hóps sem vinnur að verkefni á vegum Leonardo-áætlunarinnar. FS er ein af þeim stofnunum sem koma að verkefninu. Verkefnið er til tveggja ára og er ætlunin að skoða leiðir til að minnka brottfall í framhaldsskólum. Markmiðið er að taka saman yfirlit yfir

kennsluáðferðir og námsefni sem hefur virkað vel til þess að draga úr brottfalli nemenda og einnig á að koma á tengslum milli skóla og stofnana sem eru að þróa aðferðir til að minnka brottfall.

5.5. Utanlandsferðir nemenda

Fimm nemendur skelltu sér til Kaupmannahafnar í lok október ásamt Ægi Karli Ægissyni, kennara og sóttu þar ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins. Þar var verið að kynna framhaldsskólanemendum starf Evrópusambandsins með því að líkja eftir starfsemi þess með málefnavinnu, nefndarstarfi, þingfundum, atkvæðagreiðslum og baktjaldamakki. Á þessu þingi voru fulltrúar frá ríkjum Evrópusambandsins í kringum Eystrasalt auk nokkurra gestaríkja. Norræna ráðherraráðið styrkti ferð okkar og stóðu fulltrúar okkar sig með stakri þryði og höfðu gaman af.

5.6. Þemadagar

Þemadagarnir voru haldnir 24.-26. febrúar og var þemað Áhugamál að þessu sinni. Í þemanefnd voru kennararnir Anna Albertsdóttir, Anna Karlsdóttir Taylor, Gunnar Magnús Jónsson, Íris Jónsdóttir og Kolbrún Marelsdóttir. Hanna María Kristjánsdóttir var tengiliður stjórnenda. Tveir nemendur úr stjórn NFS voru í nefndinni. Nefndin vann ágætlega saman og allt gekk þetta upp á endanum. Fyrsti fundur var 16. september og eftir það nánast vikulega. Haldinn var einskonar rýnifundur með nokkrum nemendum þar sem rætt var við þá um ýmislegt sem tengist þemadögunum og komu þeir með margar góðar hugmyndir, meðal annars þemað sem varð fyrir valinu. Sniðugt væri að halda svona fund á hverju ári.

Sverrir Ásmundsson sá um að setja upp skráningarkerfið fyrir okkur og á hann hrós skilið. Sá fjöldi sem gat skráð sig á þemadagana í ár var meiri en nokkru sinni fyrr, tæplega 1000 pláss í hverjum námskeiðsfjórðungi, og var það mjög hentugt þegar kom að því að finna námskeið fyrir þá nemendur sem höfðu ekki skráð sig í neitt því þeir höfðu þá um eitthvað að velja.

Þemadagarnir gengu í heild sinni vel og mæting var góð. Vont veður á fimmtudeginum hafði þó þau áhrif að mæting var ekki eins góð þá og daginn áður, nokkur námskeið féllu niður þar sem kennarar komust ekki á svæðið og fresta þurfti Flödeskum sem átti að vera um kvöldið líkt og árið áður. Fjölbreytt námskeið voru í boði og voru þau flest þannig að nemendur þurftu að taka þátt þar sem fáir fyrirlestrar voru á dagskránni. Gerð var tilraun með ýmsa afþreyingu fyrir nemendur á milli námskeiða og kom það vel út. Aðallinn sá svo um kaffihús sem var mjög glæsilegt. Þemadaganefnd tók saman skýrslu um framkvæmd þemadaganna.

5.7. Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið síðasta kennsludag fyrir páska eins og venjulega, sem að þessu sinni var föstudagurinn 26. mars. Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum.

Að þessu sinni kepptu fimm lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara nokkrir fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Liðin voru reyndar óvenjufá að þessu sinni en í staðinn varð keppnin jafnari en oft áður og lítill munur á liðunum fimm. Fór svo að lokum að gula liðið sigraði og hlaut að launum pítsuveislu og farandbikar.

5.8. Ýmsar keppnir

Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema var haldin þriðjudaginn 6. október. Níu nemendur frá FS tóku þátt og er skemmst frá því að segja að tveir þeirra voru í hópi tuttugu efstu í sínum aldurshópi. Þeir munu báðir taka þátt í framhaldskeppni sem fram fer á vorönn. Stærðfræðikeppni grunnskólanema var síðan haldin í skólanum 17. mars og komu þá 130 grunnskólanemendur hingað til að taka þátt.

Lið okkar stóðu sig prýðilega í spurningakeppninni Gettu betur og ræðukeppninni Morfís. Sex nemendur okkar kepptu á Íslandsmóti iðnnema í mars og varð Ingey Arna Sigurðardóttir í 2. sæti í hárgreiðslu og Andri Már Þorvarðarson varð sömuleiðis annar í rafvirkjun.

Fjórir nemendur skólans sigruðu í HR-áskoruninni sem fór fram í nýjum húsakynnum Háskólans í Reykjavík þann 20. mars Þetta er keppni fyrir framhaldsskólanema og er haldin á opnum degi Háskólans í Reykjavík. Vegleg verðlaun voru í boði að þessu sinni og fengu sigurvegararnir niðurfelld skólagjöld í eina önn í HR. Auk þess fengu þeir samtals 150 þúsund krónur í peningaverðlaun. HR-áskorunin er haldin árlega og nú fólst hún í því að hanna og smíða eggjavörpu. Varpan átti að geta kastað eggi frá vítalínu körfuboltateigs í gegnum körfuna þannig að það lenti óbrotið á gólfinu. Sex lið tóku þátt í keppninni að þessu sinni og okkar menn urðu hlutskarpastir með hönnun sinni, Hlaðvarpanum. Þrjú lið náðu að leysa verkefnið af hendi en egg okkar liðs lenti hins vegar næst viðmiðunarpunkti beint undir körfunni. Liðið skipuðu þeir Bjarni Rúnar Rafnsson, Andri Björn Tryggvason, Hafsteinn Fannar Barkarson og Stefán Már Jónasson en þeir eru allir í málmiðna- og vélstjórnarnámi. Þeim til aðstoðar var kennari þeirra, Ívar Valbergsson.

Í lok mars gerðu nokkrir efnilegir hestamenn meðal nemenda okkar sér lítið fyrir og unnu framhaldsskólamótið í hestaíþróttum. Mjög mikil þátttaka var í mótinu að þessu sinni en alls tóku 16 framhaldsskólar þátt. Okkar fólk kom heim með fangið fullt af verðlaunagripum enda vann það til verðlauna í öllum greinum og sigraði einnig í heildarkeppninni í ár. Liðið skipuðu þau Ásmundur Ernir Snorrason, Ólöf Rún Guðmundsdóttir, Sunna Sigríður Guðmundsdóttir og Una María Unnarsdóttir en liðsstýra var Margrét Lilja Margeirsdóttir.

Sigtryggur Kjartansson varð efstur í Landskeppni í efnafræði, annað árið í röð. Hann verður því einn fjögurra fulltrúa Íslands á Alþjóðlegu Ólympíuleikunum í efnafræði sem haldnir verða í Japan í júlí. Sigtryggur varð stúdent frá skólanum um síðustu áramót.

Nemendur okkar voru söngelskir á önninni eins og oft áður. Eyrún Ösp Ottósdóttir sigraði í Hljóðnemanum, söngkeppni skólans, og tók síðan þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna á Akureyri. Í söngkeppni starfsbrautar FS fór Íris Dögg Ingvarsdóttir með sigur af hólmi og hún var því fulltrúi skólans í Söngkeppni starfsbrauta sem fór fram á Akranesi í ár.

5.9. Gjafir til skólans

- Helga S. Halldórsdóttir og Hlynur Kristjánsson gáfu nemendum og kennurum þeirra á þriðju önn í húsasmíði 15 öryggishjálma til minningar um son þeirra, Kristján Fal Hlynsson, sem lést í vinnuslysi í maí síðastliðin.
- Vélstjórafélag Suðurnesja gaf skólanum 4 vélaherma og uppfærslu á gömlum hermi.
- Sveinafélag rafiðnaðarmanna á Suðurnesjum gaf rafiðnaðardeild skólans brunastöðvar, innbrotaviðvörðunarkerfi, dyrasímakerfi, iðnaðartölvur og annan búnað.
- Fálkinn gaf 10 rafmótora og 3 snekkjudrif ásamt ýmsum öðrum búnaði sem nýttur verður til kennslu bæði í rafiðnaðardeild og vélstjórn.

Við þökkum kærlega fyrir þessar rausnarlegu gjafir sem eiga án efa eftir að koma sér vel.

6. Skýrsla matsnefndar

Sjálfsmatshópurinn var óbreyttur á þessu skólaári og vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn er skipaður þremur kennurum af ólíkum sviðum, kennslustjóra sem heldur utan um sjálfsmat skólans og aðstoðarskólameistara, sem þetta skólaár var settur skólameistari. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Haust 2009

Gerður var nýr sjálfsmatshringur fyrir næstu þrjú árin sem er aðgengilegur á heimasíðu skólans. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendum en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum.

Vor 2010

Gerð var könnun á störfum stjórnenda þar sem spurningalisti varðandi stjórnendur og millistjórnendur var lagður fyrir kennara og annað starfsfólk. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl. Skólameistari og aðstoðarskólameistari fóru í viðtal til matsnefndarinnar en sviðsstjórar fóru í viðtal til skólameistara. Ákveðið var að fresta könnun á viðhorfi nemenda og starfsfólks til mötuneytis til næstu haustannar. Könnun á kennslu og kennsluháttum var

lögð fyrir líkt og önnina áður og starfsmannviðtöl fóru fram í kjölfarið. Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Rætt var við fagstjóra á starfsbrautum og sjúkraliðabraut varðandi samband þeirra við atvinnulífið, en þessar deildir eru í miklum samskiptum við atvinnulífið vegna vinnustaðanáms nemenda. Að þeirra sögn hefur gengið mjög vel að fá inni fyrir nemendurna og atvinnurekendur eru mjög jákvæðir gagnvart því að taka við nemendum í starfsþjálfun.

Í úttekt sem menntamálaráðuneytið gerði á starfsemi skólans þessa önn voru tekin viðtöl við kennara í nefndinni og kennslustjóra. Niðurstöðurnar voru í stuttu máli þær að rannsakendur töldu myndarlega staðið að sjálfsmati skólans sem væri reglubundið, metnaðarfullt og mjög vel skipulagt. Það mætti þó þróa fleiri aðferðir við matið sem aflaði fjölbreyttari upplýsinga.

7. Skýrslur sviðsstjóra

7.1. Málasvið

Á haustönn kenndu eftirtaldir á málasviði:

Danska: Anna Albertsdóttir, Ólöf Jónsdóttir, Rakel Linda Gunnarsdóttir og Rósa Sigurðardóttir deildarstjóri.

Enska: Anna Kristjana Egilsdóttir, Axel Sigurbjörnsson, Einar Arason, Elísabet Karlsdóttir, Karen Arason, Sara Harðardóttir deildarstjóri, Veska Andrea Jónsdóttir.

Franska: Jórunn Tómasdóttir

Íslenska: Anna Karlsdóttir Taylor, Einar Arason, Hulda Egilsdóttir deildarstjóri, Jórunn Tómasdóttir, Krístrún Guðmundsdóttir, Marta Goðadóttir, Marta Guðrún Jóhannesdóttir, Rakel Linda Gunnarsdóttir og Þorvaldur Sigurðsson.

Spænska: Einar Trausti Óskarsson og Gustavo Manuel Peres Deniz.

Þýska: Guðbjörg Jónsdóttir og Veska Andrea Jónsdóttir.

Um áramót urðu þær breytingar að Anna Albertsdóttir hætti dönskukennslu og Anna Kristjana Egilsdóttir hvarf frá enskukennslu. Þá lét Marta Goðadóttir af störfum í íslenskunni og eignaðist skömmu síðar sprækan dreng. Er öllu þessu ágæta fólki þakkað þrýðilegt samstarf á árinu.

Kennsla

Á haustönn voru alls kenndar 501 stund á viku sem var fjölgun um 6 frá haustönninni árið áður. Skiptust þær þannig (haustönn 2008 í sviga):

Danska:	84	(84)
Enska:	138	(150)
Franska:	6	(12)
Íslenska:	201	(177)
Spænska:	54	(48)
Þýska:	18	(24)
Alls:	501	(495)

Á vorönn urðu kennslustundir alls 456 og skiptust þannig (vorönn 2009 í sviga):

Danska:	72	(84)
Enska:	126	(138)
Franska:	12	(12)
Íslenska:	168	(174)
Spænska:	54	(48)
Þýska:	24	(24)
Alls:	456	(480)

Athygli vekur hin mikla fækkun kennslustunda milli anna en hún er mun meiri en fækkunin á síðasta skólaári. Þetta stafar vitaskuld af fækkun nemenda, hvað sem henni veldur. Sömuleiðis fer samdráttar í rekstri skólans að gæta m.a. með því að hópar stækka þegar sultarólin er hert. Vonandi verður framtíðin þó bjartari og betri tíð í vændum á næstu árum.

Enn á franska undir högg að sækja og virðist vera að nemendur séu ekki ginnkeyptir fyrir að víkja frá meginstraumnum. Þannig var gerð tilraun til að bjóða áfanga í latínu og grísku sem undirbúning undir vísindalegt nám í háskóla en reyndist ekki fá hljómgrunn og verður því ekki af kennslu í þeim greinum með haustinu.

Af störfum sviðsins

Enn sem fyrr voru sviðsfundir helsti vettvangur þverfaglegrar umræðu en á deildafundum eru yfirleitt rædd þau mál sem snúa að hverju fagi fyrir sig. Var á sviðsfundunum fjörug og öflug umræða um þau mál sem helst brenna á kennurum, sem sagt hvernig megi ná til nemenda til þess að allir hafi þeir gagn af veru sinni hér. Það liggur ljóst fyrir að á undanförunum árum hefur nemendahópurinn breikkað verulega í kjölfar hækkandi hlutfalls þeirra sem framhaldsskólann sækja. Er það út af fyrir sig gott mál en vandinn er hvernig á að ná til þeirra sem ekki hentar hefðbundin kennsla og gamalgrónar aðferðir. Eitt af vandamálunum er að þrátt fyrir breidd hópsins stefna flestir að sama markinu og er það þó fullkomlega óvíst að stúdentspróf henti öllum. Um þetta var öflug umræða og koma vitaskuld margar leiðir til greina, enda svo margt sinnið sem skinnið. Sömuleiðis var oftlega rætt um hvernig megi sem best búa nemendur undir framhaldsnám og auka metnað þeirra í námi. Á vorönninni var einnig talsverð umræða um samræmingu námsefnis milli þeirra skóla

sem stefna að samfloti við nýja námsskrárgerð (FS, FSu og FVA) og rætt um fundina sem fulltrúar skólans sóttu til undirbúnings upptöku hennar samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum. Var mál manna að slíkir fundir væru hressandi og víkkuðu sjóndeildarhringinn og bæri því að stefna að því að þeir væru sem reglulegastir því af þeim mætti hafa hið margvíslegasta gagn.

Fjölbrautaskólinn hefur nú um nokkurt skeið notið styrks frá menntamálaráðuneytinu til kennslu nýbúa í áfanga sem nefnist ÍSD eða íslenska daglegs lífs. Hefur Rakel Linda Gunnarsdóttir sinnt þessari kennslu og virðist árangur prýðilegur, a.m.k. verður framhald á styrkveitingum til þessa starfs og er það vel.

Þá má ekki gleyma að þakka þeim fjölmörgu sem sáu um veitingar á sviðsfundum af mikilli rausn og sáu um að af þeim fóru menn saddir og sælir bæði til sálar og líkama.

Almennt má segja að kennarar málasviðs séu fullir áhuga og brennandi í andanum að koma skjólstæðingum sínum að sem bestu gagni.

Lokaorð

Nú hef ég ákveðið að láta af starfi eftir á annan áratug sem höfuð málasviðsins. Hafa þar auðvitað skipst á skin og skúrir eins og gengur en af þessum árum hef ég ugglaut lært meira en ég miðlaði af veikum mætti og þakka þeim fjölmörgu sem umbáru mig öll þessi ár. Er það þó von mín að störf mín hafi komið að gagni og mátt verða sviðinu og skólanum til blessunar. Óska ég arftaka mínum velferðar í starfinu og heiti því að halda í ístaðið hjá honum, ef hann kærir sig um, svona á meðan hann er að komast á bak og ná skriði.

Þorvaldur Sigurðsson, sviðsstjóri málasviðs, tók saman.

7.2. Raungreinasvið

Kennarar á raungreinasviði eru:

- Ása V. Einarsdóttir - heilbrigðisgreinar
- Baldur Garðarsson - stæ, nát (til áramóta)
- Bergþór Haukdal Jónsson - stæ
- Daníel Galves - stæ
- Guðmundur G. Karlsson - efn, stæ
- Gunnlaugur Sigurðsson - stæ
- Harpa K. Einarsdóttir - líf, nát
- Haukur V. Ægisson - líf, nát
- Jón Gunnar Schram - stæ
- Magnús Ó. Ingvarsson - stæ
- Ragnheiður Ásta Þorvarðardóttir - eðl

- Ragnheiður Gunnarsdóttir - stæ
- Sigrún E Jónsdóttir - stæ
- Ægir Sigurðsson - jar, lan

Starfið í vetur gekk með hefðbundnum hætti enda flestir kennarar deildarinnar orðnir reynslumiklir og hafa góð tök á viðfangsefnum. Sviðsfundir gengu vel og oft urðu þeir vettvangur gagnlegra skoðanaskipta. Umræður um mætingar og brottfall nemenda voru að venju fyrirferðamiklar og hvernig mætti bæta stöðu þessara mála. Þá fór talsverður tími í umræður og vinnu vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi kennslu og námsefnis sem taki gildi árið 2011. Voru m.a. haldnir samráðsfundir með kennurum samstarfsskólanna á Akranesi og Selfossi.

Eins og kom fram í upphafi þá var starfið með hefðbundnum hætti. Árangur í einstaka greinum var sambærilegur við fyrri annir og aðsókn í stærðfræði og raungreinar lofar góðu fyrir næstu önn. Í stærðfræði var gerð sú breyting í efstu áföngunum að heimavinnu var dreift jafnar yfir önnina. Í stað þess að hafa fjögur til fimm stór heimaverkefni var styttra verkefni vikulega. Þetta reyndist vel, vinna nemenda varð jafnari og skil betri. Stoðtímar voru nýttir enn betur en áður og nemendum líkaði þetta betur. Hugmyndin er að færa þetta fyrirkomulag á alla áfanga í stærðfræði. Í vor komu út niðurstöður könnunar sem gerð var meðal nema í grunnnámi í HÍ þar sem kannað var hvernig þeim finndist þeir undirbúnir fyrir háskólanám. Niðurstöður benda til að við verðum að gera betur en áður og hlýtur sú umræða m.a. að fara fram innan sviðanna. Þar þurfa allir að taka höndum saman.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri raungreinasviðs, tók saman.

7.3. Samfélagssvið

Kennarar á samfélagssviði eru:

Anna Rögnvaldsdóttir, Atli Þorsteinsson, Ásta Birna Ólafsdóttir (í leyfi), Ásta Katrín Helgadóttir, Elín Þuríður Samúelsdóttir, Elísabet Karlsdóttir, Guðbjörg Kristín Jónatansdóttir, Guðbrandur Jóhann Stefánsson (haustönn), Guðni Kjartansson, Gunnar Magnús Jónsson, Hlynur Ómar Svavarsson, Hörður Ragnarsson, Jóna Guðrún Jónsdóttir, Kolbrún Marelsdóttir, Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir, Þórunn Friðriksdóttir, Þórunn Svava Róbertsdóttir, Ægir Karl Ægisson.

Greinar sem falla undir sviðið: Félagsgreinar, samfélagsfræði, viðskiptagreinar, íþróttir og tölvugreinar.

Sviðsfundir

Viðfangsefni sviðsfunda þetta árið voru fjölbreytt og komu ýmis mál til umræðu, bæði ný og eldri mál sem áður hafa verið í umræðunni. Starfsmenn á samfélagssviði skiptust á að koma með veitingar á sviðsfundi og hefur það fyrirkomulag gefist vel og skapað góðan anda á

fundum. Fyrsti fundur haustannar var 19. ágúst og var farið yfir hefðbundin mál í upphafi annar svo sem skil á kennsluáætlunum og gerð fjárhagsáætlunar. Eitt af þeim málum sem þurfti að hafa í huga á nýju skólaári var sparnaður og hvernig kennarar og starfsmenn gætu lagt sitt af mörkum til að spara sem mest. Önnur umræða sem haldið var áfram með frá síðasta ári voru ný lög um framhaldsskóla og breytingar á skólastarfinu sem kæmu til með að fylgja í kjölfarið á þeim. Einnig var sameiginlegur fundur með samstarfsskólum okkar, það er Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands um hvernig staðan væri í námskrárvinnunni. Voru allir kennarar sviðinu mjög ánægðir með þennan fund og fannst gott að hitt kennara úr í öðrum skólum.

Í upphafi skólaárs var farið í gegnum aðgerðaáætlun vegna svínaflensu og var fólk ánægt með að svona faglega væri staðið að þessum málum hér í skólanum. Nokkur umræða spannst um þemadaga og var þá aðallega verið að velta fyrir sér hvernig hægt væri að virkja nemendur betur og vekja áhuga þeirra á að vera þátttakendur í þemadögum. Ein hugmynd var að kalla þessa daga öðru nafni til að brjóta upp gamlar hugmyndir nemenda um hlutverk daganna. Bent var á að hafa í huga að námskeið rækjust ekki á og svo að hafa það spennandi efni að þeir hafi áhuga á að mæta án kvaða.

Þegar líða tók á haustönnina var rætt um að sparnaður væri að skila árangri og voru allir sáttir við að vel væri að takast til. Íþróttakennarar eru enn með áhyggjur af reykingum nemenda í grennd við skólann enda verða þeir helst varir við þetta þegar þeir fara á milli skóla og íþróttahúss í kennslu .

Í janúar var nokkuð rætt um brottfall og hvernig hægt væri að sporna við því, ýmsar hugmyndir komu fram eins og að hækka gjald fyrir að mæta ekki í próf, fylgjast betur með nemendum, vera duglegri að hvetja þá áfram og svo að benda þeim á þau viðurlög sem gilda hér í skólanum ef þeir skila sér ekki í próf.

Innkaup og fjárveitingar á samfélagssviði

Keyptar voru bækur og mynddiskar með fræðsluefni í flestum greinum á sviðinu og eru kennarar meðvitaðir um að fylgjast með því nýjasta á sínu sviði. Fyrir íþróttagreinar voru keyptir púlsmælar og GPS tæki ásamt því að endurnýja boltaeign skólans. Sú deild sem var einna kostnaðarsömum á þessu sviði var starfsbraut en þar kom til kostnaður við ferðir og ýmsa tyllidaga svo sem opinn dag, litlu jól, vorferð og fleira. Einnig var einhver rútukostnaður svo sem vegna íþróttáfanga og stuttmyndakeppni.

Ýmislegt fleira var gert á árinu en hér hefur aðeins verið komið inn á það helsta sem stóð upp úr.

Guðbjörg K. Jónatansdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.

7.4. Tæknisvið

Kennarar á tæknisviði veturinn 2009-2010:

- Ágúst Eiríksson vélstjórn
- Ásdís Björk Pálmadóttir hársnyrtigreinar
- Björgvin Jónsson rafiðngreinar
- Björn Sturlaugsson grunnteikning og tréiðngreinar
- Bragi Einarsson listir og tölvufræði
- Gunnar Valdimarsson tréiðngreinar
- Hanna Vilhjálmadóttir fatagerð
- Hildur Skúladóttir rafiðngreinar og tölvufræði
- Íris Jónsdóttir myndlist
- Ívar Valbergsson vélstjórn
- Jónas Ármannsson málmiðngreinar
- Garðar Þór Garðarsson rafiðngreinar
- Katrín Sigurðardóttir fatagerð
- Lárus Þór Pálmason netagerð
- Leifur A Ísaksson grunnteikning og tréiðngreinar
- Ólafur Baldvin Sigurðsson rafiðngreinar
- Svava Jóhannesdóttir hársnyrtigreinar
- Viggó Benidiktsson verknáms- og byggingagreinar

Sviðsfundir

Á sviðsfundum voru fjölbreyttar umræður að vanda. Fundirnir voru nýttir til hinna ýmsu tilkynninga og til faglegrar umræðu. Fyrsti sviðsfundurinn þennan veturinn var þann **19. ágúst 2009**. Fyrir utan venjubundnar tilkynningar eins og venjan er á þessum tíma voru heitar umræður um sparnað og hvernig við gætum hagrætt í skólakerfinu á þessum erfiðu tímum. Margar góðar hugmyndir komu fram. Á fundi **3. september 2009** var farið yfir aðgerðaráætlun vegna svínaflensu. Fyrsti sviðsfundur vorannar var **14. janúar 2010**. Sviðsstjóri lagði þar fram erindi frá vinnumálastofnun um námsúrræði fyrir ungt atvinnulaust fólk. Kennarar voru spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að taka þátt í því starfi. Á þessum fundi fór fram vinna varðandi nýju framhaldsskólalögin, en kennarar fengu það verkefni að raða fögunum sem þeir vinna við í þrep. Þann **4. mars 2010** var síðan fagleg umræða um brottfall og fall í áföngum og kennarar ræða um leiðir til að sporna við þessu. Mjög líflegar umræður og skiptar skoðanir. Á sviðsfundi **16. apríl 2009** voru umræður um að kennarar passi upp á að nota 14 punkta letur og af rétttri gerð á prófum, en nemendur með lestrarörðugleika fara fram á þetta og er sjálfssagt að verða við því.

Til viðbótar þessu þá voru kennarar jákvæðir og tilbúnir til þess að gera góðan skóla betri, fagleg og uppbyggileg umræða var mikil og menn skiptust á skoðunum. Töluverð vinna var lögð í nýju framhaldsskólalögin og komu kennarar frá Selfossi og Akranesi í heimsókn til

okkar í apríl en þessir skólar eru í samstarfi út af þessu verkefni. Almennt var talið að slíkar heimsóknir væri af hinu góða og að þær ýttu almennt undir faglega umræðu.

Góðar gjafir

Skólinn hefur fengið góðar gjafir frá velunnurum og kemur slíkur stuðningur sér afar vel. Rafiðnaðarfélag Suðurnesja gaf skólanum brunakerfi, öryggiskerfi, dyrasímakerfi og EASY stýriliða. Vélstjórafélag Suðurnesja gaf fjóra herma og eina uppfærslu á hermi. Fá þessi félög bestu þakkir fyrir gjafirnar.

Lokaorð

Þetta skólaár gerði starfsfólk átak í sparnaði og samkvæmt stjórnendum þá heppnaðist sú vinna mjög vel. Vettvangsferðir voru færri en undanfarin ár og voru kennarar duglegir að fara með nemendur innanbæjar og öðrum ferðum var haldið í lágmarki. Vinna vegna nýju framhaldsskólaganna var töluverð enda miklar breytingar í vændum. Á heildina litið var góður starfsandi á tæknisviði og var ekki annað að sjá að kennarar væru áhugasamir og tilbúnir til góðra verka.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.

7.5. Starfsbraut 1

Starfsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja hefur verið starfandi síðan 1997 og er óhætt að segja að miklar breytingar hafi átt sér stað. Upphaflega hófst hún sem tilraunaverkefni og tókst það vel til að ákveðið var að halda áfram með starfið. Markmið starfsbrauta framhaldsskóla er að bjóða fram nám og kennslu sem tekur mið af þörfum nemandans. Námið miðar að því að undirbúa nemendur undir líf fullorðinna með því að veita honum verklega þjálfun í skóla og á almennum vinnustöðum. Auka færni til sjálfstæðrar búsetu, atvinnuþátttöku og virkri þátttöku í félagslífi og tómstundastarfi á eigin forsendum.

Starfsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja var skipt í tvennt, starfsbraut 1 og 2, vorið 2006. Í þessari skýrslu er greint frá starfi starfsbrautar 1.

Nemendur

Nemendur á starfsbraut 1 skólaárið 2009 – 2010 voru 17 á haustönn og 16 á vorönn. Í upphafi haustannar voru 19 nemendur skráðir á brautina. Einn nýnemi kom ekki og einn varð að hætta námi á miðri önn vegna veikinda. Einn nemandi á þriðja ári kom frá Sauðárkrók í september og einn hætti um áramót. Nemendur á brautinni eru greindir með þroskahömlun en auk þess, ADHD, á einhverfurófi, SELD, en nánari upplýsingar er að finna um hvern og einn nemanda í einstaklingsnámsskrá.

Kennsla og kennarar

Eftirfarandi kennsluskipting var á starfsbraut 1 á haustönn 2009.

- Ásta Katrín Helgadóttir; ÍSL, ENS, STÆ, STV, LKN, ÍÞR, SKV
- Lárus Þór Pálmason; ÍSL, STÆ, STV, LKN, SKV, NEG, VKN
- Jóna Guðrún Jónsdóttir; ÍSL
- Kolbrún Marelsdóttir; LKN
- Viggó Benediktsson; VKN
- Guðbrandur J. Stefánsson; ÍÞR
- Ásdís Björk Pálmadóttir; TÁR
- Anna Albertsdóttir; TÖL
- Helgi Biering; TÖL, STÆ (aukaaðstoð)

Nemendur af starfsbraut 1 sóttu einnig hina ýmsu almenna áfanga eftir áhuga og færni.

Eftirfarandi kennsluskipting var á starfsbraut 1 á vorönn 2010.

- Ásta Katrín Helgadóttir; ÍSL, ENS, STÆ, STV, ÍÞR, SKV
- Lárus Þór Pálmason; ÍSL, ENS, STÆ, STV, SKV, NEG, VKN
- Jóna Guðrún Jónsdóttir; ÍSL
- Kolbrún Marelsdóttir; LKN
- Kristjana H. Gunnarsdóttir; ÍÞR
- Gunnar B. Valdimarsson; VKN
- Anna Albertsdóttir; TÖL
- Helgi Biering; TÖL, STÆ, ENS (aukaaðstoð)

Nemendur sóttu einnig hina ýmsu almennu áfanga.

Kennsluhættir

Á starfsbraut er reynt að skipuleggja nám nemendanna út frá markmiðum sem sett eru fyrir hvern og einn. Gerðar eru einstaklingsáætlanir og kennsluáætlanir byggðar á þeim. Við gerð einstaklingsáætlana er tekið mið af áhugasviði, athugaðir eru styrkleikar og veikleikar og áætlun unnin m.t.t. þessara þátta. Einnig er framtíðin með vinnu eða annað nám að loknum skóla höfð í huga. Kennsluáætlanir eru í sífelldri endurskoðun og ný markmið sett ef þess þarf. Sífelld er þörf á að vinna með tjáningu, samskipti og þætti daglegs lífs og hefur starfið í vetur einkennst af því nú sem endranær.

Kjarnafög

Stærðfræðin hefur verið miðuð að því að styrkja þau og efla til að takast á við hina ýmsu þætti sem tengjast daglegu lífi. Mikið er búið að búa til af námsefni í stærðfræði og höfum við sett efnið niður eftir árum, finnst okkur hafa vel tekist til með það. Efnið er í sífelldri

endurskoðun og breytingar eiga sér stað milli anna og eftir nemendahóp. Gott er því að geta haft aðgengi að og eiga stóran efnisbanka.

Í íslensku hefur verið lögð áhersla á skilning og að lesa í texta, einnig að viðhalda þeirri þekkingu sem þau hafa í málnotkun. Einnig hefur farið fram undirbúningur fyrir að fara í almennan áfanga. Í íslensku er nemendum skipt upp í hópa eftir árum og eru 1-2 ár saman og 3 – 4 ár saman. Þessi skipting hefur komið vel út og skapar meiri fjölbreytni í námi. Tekist hefur að setja niður á annir efni og bækur sem lesnar eru. Er þetta mikill munur og gerir námið skemmtilegra og markvissara. Eins og í stærðfræði er búið að búa til mikið af efni.

Enska er nú kjarnafag á starfsbraut 1 og er því kennd enska í 8 annir. Í ensku er lögð áhersla á að nemendur öðlist þjálfun í tali og skilningi á mæltu og lesnu máli. Einnig er lögð áhersla á þann orðaforða sem tilheyrir þeirra áhugasviði s.s. sambönd, myndir, íþróttir og tónlist.

Í lífsleikni í vetur hefur áherslan verið á framsögn og ræðumennsku. Ástráður kom í sína árlegu heimsókn, nauðsynlegt er að fá læknanemana í heimsókn á hverju ári í þennan hóp.

Starfsnámi hefur verið skipt upp á milli ára, nemendur af 1.-2. ári eru saman og nemendur af 3.-4. ári eru saman. Náms efni fyrir nemendur af 1.-2. ári hefur verið vinnuvernd, vegabréf á vinnustað, samskipti, réttindi og skyldur á vinnustað, einnig höfum við farið í heimsókn í fyrirtæki: Bílbót, Dýralæknastofu Suðurnesja, Víkurás og Nýmynd. Nemendur af 3.-4. ári voru í starfsnámi 1x í viku allan veturinn 2-4 klst. í senn. Þeir skráðu í dagbók það sem þeir voru að gera og hvernig þeim líkaði það. Dagbók skilað í lok annar til kennara. Fyrirtækin sem til var leitað með starfsnám tóku þeim vel, en þau eru eftirfarandi: Tæknivík, Leikskólinn í Vogum, Dominos, Bílaverkstæði Árna Heiðars, Olís - smurstöð, Tölvulistinn, Bílapartasalan.

Valfög

Netagerð: Lárus Þór Pálmason hefur verið með kennslu í gerð allskonar hnúta. Verkefni nemenda í vetur hefur verið gerð hengirúms og veiðiháfs.

VKN: Viggó Benediktsson og Gunnar B. Valdimarsson skiptu þessum áfanga með sér á haust- og vorönn. Á haustönn smíðuðu nemendur skemil og salatáhöld undir stjórn Viggós. Á vorönn smíðuðu nemendur forláta stól sem breyta mátti í tröppu með einu handtaki undir stjórn Gunnars B. Valdimarssonar.

TÁR: Á haustönn var Ásdís Björk Pálmadóttir með kynningu og kennslu í umhirðu hárs, húðar, snyrtingu, klæðnað og kertagerð.

TÖL: Skylduáfangi fyrir 1.-2. árs nemendur, en valáfangi fyrir þá sem eru á 3. og 4. ári. Anna Albertsdóttir hefur séð um kennslu í þessum áfanga og hefur það gengið vel.

Hefðir í starfi

Skemmtilegar hefðir hafa skapast í starfi starfsbrautar, s.s. söngvakeppni, stuttmyndakeppni, opinn dagur og svo auðvitað þátttaka í þemadögum skólans og starfshlaupinu. Sú breyting hefur þó orðið á hefðum að stuttmyndakeppni og söngvakeppni eru nú annað hvert ár, ekki á sitthvorri önn eins og verið hefur. Ég tel þetta vera mikið afturskref þar sem þátttaka nemenda í félagslífi er almennt ekki mikil, en þarna var skapaður grundvöllur fyrir slíkt. Eitthvað verður að koma í staðinn og hafa ýmsar hugmyndir komið, en engin ákvörðun tekin eða verið gerð nein tilraun.

Söngvakeppnin var haldin í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi í apríl. Áður hafði verið haldin forkeppni hér á starfsbrautinni. Foreldrum, fjölskyldu og vinum var boðið að koma og fylgjast með þetta kvöld og var ágætlega mætt. Sú nýbreytni var höfð að selja veitingar til fjáröflunar fyrir útskriftarnema. Margir nemendur tóku þátt í forkeppninni, en sérstakur áfangi var í boði ætlaður til undirbúnings söngvakeppninnar. Nemendur stóðu sig með þryði og er óhætt að segja að við eigum marga hæfileikaríka einstaklinga. Gaman er að geta þess að nemendur af starfsbraut sáu alfarið um undankeppnina, tæknimenn voru Garðar Björgvinsson og Sindri Geir Bjarnason. Kynnar voru þær Sunna Björg Ragnarsdóttir og Íris Dögg Ingvarsdóttir. Sérstök dómnefnd var fengin til að dæma skipuð tveimur starfsmönnum og einum nemanda FS. Sá einstaklingur sem keppti fyrir okkar hönd á Akranesi var Íris Dögg Ingvarsdóttir með lagið; Use somebody. Íris stóð sig með mikilli þryði, studd af fjölmönnum hópi skólafélaga, en ekki hlaut hennar flutningur náð fyrir augum dómnefndar á Akranesi. Sigurvegarar urðu nemendur úr Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Opinn dagur var á haustönn. Þar var nemendum sem lokið hafa námi á starfsbraut boðið að koma í skólann. Léttar veitingar voru á boðstólnum, sem nemendur höfðu sjálfir séð um að baka og koma með heiman að. Gamlar myndir voru sýndar úr starfinu þar sem fyrrum nemendur gátu séð myndir af sér og kennurum. Þátttaka var mjög góð, en ekki vannst tími til að vera með opinn dag á vorönn.

Nemendur á starfsbraut hafa verið mjög duglegir við að taka þátt í þemadögum skólans, þeir velja sér námskeið eins og aðrir nemendur skólans og eru þeir yfirleitt ánægðir með dagana. Á þemadögum gefst nemendum af starfsbraut tækifæri til að umgangast og kynnast öðrum nemendum skólans.

Nemendur okkar skráðu sig í hin ýmsu lið í starfshlaupinu og tóku virkan þátt í stuðningi sinna liða.

Vettvangsferð er alltaf farin að vori en er misjafnt hvað er gert og hvert er farið. Þessar ferðir eru alltaf skemmtilegar og skemmta nemendur sér vel. Í vor var farið í heimsókn í KHÍ og fengu nemendur kynningu á námi því, sem í boði er fyrir nemendur, sem hafa útskrifast af starfsbraut.

Nemendur sem eru að útskrifast fara í útskriftarferð ásamt kennurum sínum og er það yfirleitt óvissuferð. Farið hefur verið í stuttar ferðir og yfirleitt verið haft í huga áhugasvið þeirra nemenda sem eru að útskrifast þegar ákveðið hefur verið hvert á að fara.

Nemendur tóku þátt í dimmisio á vorönn og síðustu kvöldmáltíðinni. Betri þátttaka var nú hjá útskriftarnemendum af starfsbraut en verið hefur og var sérstaklega unnið að því að beina þeim inn á að taka þátt.

Annað starf

Foreldrafundur var boðaður á haustönn fyrir alla foreldra nemenda á starfsbraut 1, í samhengi við fund foreldra nýnema í FS, einungis foreldrar nýnema mættu. Á þessum fundi var farið yfir hvernig starfinu væri háttað á starfsbraut, námsefni, mætingar, veikinda- og leyfistilkynningar o.fl.

Annar foreldrafundur var boðaður á vorönn og voru allir foreldrar boðaðir. Mætingin var góð, en eins og áður voru það foreldrar nýnema og annars árs nema sem voru fjölmennir. Á þessum fundi var rennt lauslega yfir kynningu á starfsbraut, hvernig starfinu væri háttað, mætingar, námsefni, almennir áfangar og svo framtíðarsýnin. Foreldrar voru ánægðir með starfið og sögðu að börnin þeirra væru ánægð. Það sem foreldrar höfðu mestar áhyggjur af var hvað tæki við í sumar og svo hvað tæki við eftir þessi fjögur ár í FS. Þeir lýstu ánægju sinni með framtíðarsýnina og vonandi verður þessi sýn að veruleika.

Kennarar af starfsbraut 1 og 2 heimsóttu starfsbrautina í Flensborg í Hafnarfirði, gaman að sjá hvað aðrir eru að gera og hvernig. Í sömu ferð fóru Ásta Katrín og Lárus í heimsókn í Fjölsmiðjuna í Kópavogi en það var undirbúningur fyrir hugmyndavinnu að smiðju fyrir starfsbrautarnemendum.

Kynning á starfsbraut FS var haldin fyrir þá sem koma að sérkennslu í grunnskólum á svæðinu og foreldra tilvonandi nemenda. Nokkuð margir kennarar komu og tókst kynningin vel, en aðeins eitt foreldri kom. Kynning var sömuleiðis haldin fyrir sérfræðingana sem vinna á Skólaskrifstofu Reykjanesbæjar. Kynningin var gagnleg fyrir báða aðila, ýmsum spurningum var velt upp og sömuleiðis mörgum spurningum svarað. Þau voru mjög ánægð með starfið á starfsbraut og var tíðrætt um þær miklu breytingar sem orðið hafa og þann metnað sem lagður væri í starfið.

Samráðsfundur þriggja skóla, FS, Fsu og FVA, var haldinn á vorönn hér í FS í vinnu við námsskrángerð. Fagstjórar kynntu þá hvernig starfi starfsbrautanna væri háttað hér í FS fyrir öðrum starfsbrautarkennurum úr þessum skólum.

Samantekt

Starfið skólaárið 2009 – 2010 fannst mér einkennast af ró og festu. Auðvitað voru uppkomur með tilheyrandi vandamálum, en mál leystust farsællega. Starfið með nemendum hefur gengið vel og verið mjög gaman að vinna með þeim. Starfið hefur

einkennst af því að leita eftir því hvar styrkleikar þeirra og möguleikar í framtíðinni liggja. Sömuleiðis hefur mikill tími farið í að aðstoða nemendur við að takast á við sínar veiku hliðar og leiða þeim fyrir sjónir að það er ýmislegt hægt að gera með því að einbeita sér að verkefninu og æfa sig.

Brautin hefur verið í sífelldri þróun og miklar breytingar hafa átt sér stað undanfarin ár, en nú er kominn ákveðin festa varðandi námsefni í kjarnaáföngum og léttir það mjög starfið. Ég tel að brautin standi mjög framarlega og kom það skýrt í ljós á samstarfsfundum allra starfsbrautarstjóra á landinu sem haldinn var í Menntamálaráðuneytinu í vor á þeim hugmyndum sem þar voru uppi um starf á starfsbrautum. Þessar hugmyndir voru ekki nýjar fyrir okkur, margar af þessum hugmyndum höfum við verið að vinna eftir og þróa. Starfsfólk á starfsbraut 1 er einnig orðið nokkuð fast og auðveldar það mjög allt skipulag og samstarf.

Sótt var um Leonardo styrk til nemendaskipta til að fara með nokkra nemendur til Finnlands að heimsækja skóla sem er fyrir nemendur með fatlanir. Þessi skóli hefur mjög öflugt starfsnám í boði og finnst okkur mjög spennandi að geta farið með nemendur þangað til að leyfa þeim að öðlast meiri verklega þjálfun eftir því sem áhugasvið þeirra liggur og jafnframt að kennarar sem fara með fái hugmyndir.

Unnið hefur verið með hugmynd að stofnun Fjölsmiðju (Atvinnulífssmiðju) fyrir nemendur af starfsbraut og höfum við Lárus Þór Pálmason þegar farið á fund með Katli G. Jósefssyni, sem er forstöðumaður Vinnuárástafnunar Suðurnesja, til að leggja fyrir hann þessa hugmynd og leita eftir fjárstuðningi. Fyrirhugaðir eru síðan fundir með bæjarstjóra Reykjanesbæjar og nágrennasveitarfélaga.

Framtíðarsýn

Mitt markmið er að vinna að því að nemendur sem eru útskrifaðir af starfsbraut, fái einhverskonar réttindi í iðngreinum. Verkefni tvö, að sækja um Leonardo styrk til nemendaskipta og að koma á fót smiðju, eru liðir í þessu.

Hugmyndin er að velja úr fyrirtæki sem hafa verið með nemendur frá okkur í starfsnámi og fá þau til að setja upp nokkurskonar gátlista í sinni iðn og þjálfa nemendur okkar m.t.t. þessa lista. Þetta eru þá fyrirtæki sem þekkja orðið vel til okkar nemenda og geta því sett fram raunhæfar kröfur til þeirra getu. Fagfélögin fjalli um þessa gátlista og viðurkenni þá jafnframt að sá aðili sem hefur staðist þessar kröfur/próf sem settar eru fram, fái titilinn aðstoðarmaður. Nemendur fái síðan áframhaldandi þjálfun í smiðjunni og eftirfylgni.

Þessi hugmynd er lengi búin að vera í burðarliðnum eða síðan 2007 þegar FS fór í heimsókn til Finnlands. Skólinn sem við heimsóttum þar var skóli sem ætlaður er fyrir nemendur með allskonar fatlanir. Skólinn býður upp á mjög fjölbreytta verklega áfanga og meðal þess sem verið var að vinna við, þegar við komum í heimsókn, voru nemendur í bakstri að taka próf sem gaf þeim titilinn „aðstoðarmaður bakara“.

Huga þarf einnig áfram að bóklegum fögum og auka eftirfylgni með nemendum inn í almenna áfanga og langar okkur því að hrinda í framkvæmd ákveðnu kerfi, eða tveggja kennara kerfi. Nemendur sem skráðir eru í almenna áfanga yrðu settir í sama hóp og kennari af starfsbraut myndi fylgja hópnum í áfangann. Þannig yrðu tveir kennarar með hópinn. Ég tel að þetta fyrirkomulag myndi henta vel, ekki bara fyrir nemendur og kennara af starfsbraut, heldur einnig fyrir almenna nemendahópinn og kennarann sem kennir áfangann. Kennarinn fengi aðstoð og nemendur betri þjónustu. Oftast eru nemendur af starfsbraut að sækja 193 eða 102 áfanga og eru hóparnir í þessum áföngum oft ekki mikið betur settir heldur en okkar nemendur og því myndu allir fá eitthvað í sinn hlut. Nemendur og kennarar ánægðari. Kostnaðarþátturinn ætti að koma í sama stað niður því það þarf hvort sem er kennara fyrir nemendurna af starfsbraut.

Framtíð starfsbrautar FS er björt og brautin mun halda áfram að vaxa og þróast.

Ásta Katrín Helgadóttir, fagstjóri á starfsbraut 1, tók saman.

7.6. Starfsbraut 2

Á haustönn 2009 stunduðu 16 nemendur nám á starfsbraut 2, á aldrinum 16-23 ára. Kynjaskiptingin var þannig að það voru 3 stúlkur og 13 drengir/karlmenn með mismunandi fatlanir. Kennarar sem kenndu á Starfsbraut 2 haustið 2009 voru:

- Ásta Birna Ólafsdóttir = Lífsleikni, Íslensku, Stærðfræði, Starfsnám á vinnustað, Skipulögð vinnubrögð, ökunám og Ensku.
- Þórunn Svava Róbertsdóttir = Lífsleikni, Starfsnám á vinnustað, Íslensku, Stærðfræði, ökunám, skipulögð vinnubrögð og heimilisfræði.
- Gunnar Valdimarsson = VKN (verklegur áfangi)
- Anna Rögnvaldsdóttir = Lífsleikni, Fjölmíðlar, Íslensku, Stærðfræði, Starfsnám á vinnustað, Skipulögð vinnubrögð og Listir.
- Ásta Katrín Helgadóttir = Íþróttir
- Guðbrandur Stefánsson = Íþróttir
- Anna Albertsdóttir = Tölvur
- Lárus Pálmason = Netagerð.

Tveir þroskajálfar störfuðu á starfsbraut 2, þ.e. Elín Þ. Samúelsdóttir og Guðbjört Ingólfssdóttir sem var ráðinn í september. Einn stuðningsfulltrúi, þ.e. Erna Magnúsdóttir starfaði við brautina á haustönn.

Engin breyting var á nemendafjölda á vorönn. Kennarar sem kenndu á starfsbraut 2 vorið 2010 voru:

- Ásta Katrín Helgadóttir = Íþróttir.

- Þórunn Svava Róbertsdóttir = Lífsleikni, Starfsnám á vinnustað, Íslensku, stærðfræði, skipulögð vinnubrögð, ökunám og heimilisfræði.
- Anna Rögnvaldsdóttir = Starfsnám á vinnustað, íslensku, ensku, skipulögð vinnubrögð, listir og tónlist.
- Kristjana Hildur Gunnarsdóttir = Íþróttir
- Anna Albertsdóttir = Tölvur
- Gunnar Valdimarsson = VKN (verklegur áfangi)

Tveir þroskaþjálfar, Elín Þ. Samúelsdóttir og Guðbjört Ingólfssdóttir störfuðu á vorönn og stuðningsfulltrúar voru Ásta Svanhvít Sindradóttir og Erna Magnúsdóttir, Helgi Biering (í 50% starfi á starfsbraut 1 og 2) og 16. mars byrjaði Sigbjörn Hlynur Guðjónsson.

Þrjár stofur voru notaðar fyrir nemendur á starfsbraut 2, þ.e. 221 (heimastofa þeirra), 214 (kennslueldhús) og 213. Í stofu 213 voru sex nemendur sem héldu hópinn og áhersla var lögð á almennan undirbúning fyrir þátttöku í almennum áföngum í ensku, stærðfræði og íslensku. Anna Rögnvaldsdóttir kenndi þeim í flestum tímum og var umsjónarkennari þeirra.

Kennsluhættir

Lögð var áhersla á að vinna einstaklingsmiðað og ná hámarksárangri hjá nemendum jafnt sem kennurum. Nemendum var skipt í hópa í hverjum áfanga og kennarar, þroskaþjálfar og stuðningsfulltrúar sáu um viðkomandi hóp og aðlögun á námsefni eftir því sem þurfti hverju sinni.

Nemendur voru með námsefni sem tók mið af þeirra sérþörfum. Stundum var námsefnið það sama fyrir alla en nálgunin var misjöfn eftir hverjum nemenda fyrir sig. Kennsluaðferðir sem notaðar hafa verið á Starfsbraut 2 voru m.a. umræður og þá ræða nemendur gjarnan um afmarkað efni, skilgreina hugtök og koma með eigin reynslu og upplifun á efninu. Einnig unnum við oft hugmyndavef sem tekin er úr hugmyndafræði könnunaraðferðarinnar. Við notuðum hugmyndavefinn oft þegar við vorum að undirbúa gestaheimsóknir og skrifuðum þá gjarnan nafnið á gestinum upp á töflu og skráum niður spurningar og vangaveltur sem nemendur komu með.

Nemendahópnum var oftast skipt í tvo til fjóra hópa. Tilgangurinn með því var að skapa rólegra vinnurými, vinna einstaklingsmiðaðra og skipta ábyrgðinni á kennara. Þetta kom mjög vel út. Nemendalega séð voru ákveðnir nemendur sem nutu sín betur í litlum nemendahópi og fyrir kennara var markvissara að aðlaga námsefni fyrir minni hóp og þá var einnig auðveldara að breyta og aðlaga eftir því sem hentaði hverjum og einum. Skiptingin var misjöfn eftir námsgreinum og einhvern tíma tók okkur að finna réttan stað fyrir hvern og einn.

Snertitaflan er mikið notuð í námi og kennslu. Félagshæfnisögur hafa verið notaðar fyrir alla nemendur, við höfum undirbúið nemendur undir breytingar með því að setja

upplýsingarnar upp í form félagshæfnisagna. Það hefur komið mjög vel út og höfum við verið að þróa okkur áfram með útlit og form félagshæfnisagnanna, m.t.t. hvernig best sé að hafa þetta fyrir framhaldsskólanemendur. Þetta eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum, bæði með texta og myndum. Félagshæfnisögur eru einskonar uppskriftir af því hvernig maður á að haga sér í ákveðnum aðstæðum, einnig skýrir þetta oft í hvað athafnaröð ákveðnir hlutir gerast, þ.e. fyrst... og síðan....

Lögð er áhersla á að taka myndir af nemendum í námi og starfi. Myndirnar eru síðan notaðar til upprifjunar, umræðu, verkefnagerðar og/eða til þess að hafa þær sýnilegar uppi á veggjum í skólastofunni.

Við notuðum forritið „kidspiration“ þegar við vinnum hugmyndavefi. Þetta forrit hefur nýst okkur ótrúlega vel og eru nemendur áhugasamir og viljugir að nýta sér það í námi og starfi. Við lögðum mikla áherslu á að tengja námið við daglegt líf og undirbúa nemendur sem best fyrirþáttöku á vinnumarkaði og í lífinu almennt. Reynt var að hafa það í huga í öllum námsgreinum, s.s. stærðfræði, STV, Íslensku og fleiri fögum.

Almennir áfangar

Í haust stundaði einn nemandi nám í almennum áfanga í íþróttum og einn nemandi stundaði nám í almennum áfanga í íslensku. Þá var einn nemandi í uppeldisfræði. Á vorönn stundaði einn nemandi nám í almennum áfanga í íþróttum, einn nemandi stundaði nám í almennum áfanga í íslensku og einn nemandi stundaði nám í myndlist.

Einstaklingsnámskrár

Einstaklingsnámskrár voru unnar fyrir alla nemendur. Þær voru kynntar fyrir foreldrum nemenda sem voru yngri en 18 ára (nemendur eru ávallt velkomnir með). En þeir nemendur sem voru orðnir 18 ára og eldri hittu umsjónakennara sinn og fóru yfir námskránni með kennara. Þetta kom mjög vel út, þar sem nemendur fengu tækifæri til að koma með eigin óskir og hugmyndir um innihald námskráarinnar. Þeir voru hvattir til að spyrja og koma skoðunum sínum á framfæri. Ef nemendur voru sáttir við markmiðin og leiðirnar í námskránni staðfestu þeir það með undirskrift sinni í námskránni, einnig sem þeir þurftu að samþykka það að námskráin mætti vera aðgengileg öllum starfsmönnum Starfsbrautarinnar, foreldrum þeirra eða þeim sem koma að málum þeirra. Þetta kom mjög vel út og skapaðist oft gott tækifæri til að útskýra og ræða um hugtök í námskránni. Umsjónakennari sá um einstaklingsnámskrágerð fyrir sína umsjónanemendur, ásamt því að kynna hana fyrir nemendum og/eða foreldrum. SKV (skipulögð vinnubrögð) tímarnir voru oftast nýttir til að fara yfir námskránnar með nemendum.

Söngvakeppni

Boðið var upp á tónlistaráfanga og kom það mjög vel út. Markmiðið með áfanganum var m.a. að undirbúa nemendur fyrir þáttöku í söngvakeppni starfsbrauta. Einnig sem kynntar voru

tónlistastefnur og almennar umræður um tónlist fóru fram. Síðan var haldin undankeppni hér í Fjölbrautaskólanum, þann 18. mars. Kvöldið var vel heppnað og margir komu og horfðu á. Alls tóku 10 nemendur á starfsbraut 2 þátt í undankeppninni og stóðu sig með sóma.

Íris Dögg Ingvarsdóttir, nemandi á starfsbraut 1 hlaut fyrsta sætið í keppninni og því varð hún fulltrúi FS í söngvakeppni starfsbrauta sem haldin var á Akranesi 25.mars . Góð mæting var á þessa keppni en alls 13 nemendur af starfsbraut 2 fóru á Akranes. Kvöldið var ákaflega skemmtilegt og er það okkar markmið að virkja sem flesta til að koma með. Því kjörið tækifæri er til að vinna með félagslegar áherslur í ferðum sem þessum og kynnast nýjum hliðum á nemendum og kennurum.

Opinn dagur

Opinn dagur var haldin þriðjudaginn 27. október. Ágætis mæting var og gaman er að sjá hversu nemendur eru áhugasamir um þennan dag. Þeir eru duglegir að minna kennara á að skipuleggja daginn með þeim. Undirbúningur fór m.a. fram í lífsleiknitíma, þ.e. nemendur skoðuðu gamlar myndir af starfsbrautarnemendum, rifjuðu upp nöfn og nemendur tóku að sér að láta þá fyrrverandi nemendur sem þeir þekkja vita af opna deginum.

Liðveisla

Á haustönn voru fimm nemendur með liðveislu. Markmiðið með liðveislu er “nemandi fyrir nemanda” þ.e. að fá nemendur í skólanum til að aðstoða nemendur á starfsbraut. Einnig að styrkja félagslega stöðu nemenda á starfsbraut með því að fá tækifæri til að falla í hópinn með öðrum nemendum skólans.

Litlu jólin/unglinga jól

Þriðjudaginn 10. desember voru „litlu jólin“ haldin í FS. Lögð var áhersla á að spjalla saman, hlusta á jólalög og eiga góða stund saman á adventunni. Einnig var ákveðið að halda í hefðina og skiptast á litlum jólagjöfum, en hámarkskostnaður við þær eru 500 kr. Að mínu mati var þetta mjög vel heppnuð og skemmtileg stund.

Þemadagar

Þemadagarnir voru haldnir í febrúar. Allir nemendur á starfsbraut 2 tóku þátt í námskeiðum víðsvegar um skólann. Við gáfum okkur góðan tíma til að fara yfir námskeiðin sem voru í boði og aðstoðuðum nemendur við að velja sér námskeið sem þeir höfðu áhuga á. Síðan var það okkar hlutverk að skipuleggja eftirfylgd með nemendum út í námskeiðin. Við útbjuggum einnig dagskrá fyrir nemendur og kennara, þ.e. með upplýsingum um hvaða námskeið hver og einn valdi, í hvaða stofu námskeiðið væri og klukkan hvað það væri. Dagskráin var síðan sett upp í formi „vísakorts“, þ.e. lítið spjald sem var plastað inn og nemendur gætu haft í veskinu hjá sér. Tilgangurinn með þessu var að veita stuðning en hafa hann samt sem minnst áberandi (miðað við nemendur í framhaldsskóla). Kennarar og aðstoðarkennarar skiptu sér á

nemendur og náðist að fylgja þeim nemendum eftir sem þurftu þess. Sumir kennarar gengu á milli stofa og kíktu á nemendur sem veitti mörgum þeirra öryggi og aðhald.

Sumir óhefðbundnir dagar eins og Þemadagarnir, reynast starfsbrautarnemendum oft erfiðir þar sem brugðið er út af hefðbundinni stundaskrá. Ávallt er reynt að koma til móts við nemendur varðandi þetta og reyna að fyrirbyggja vandamál sem hugsanlega geta komið upp. Sveigjanleiki og viðhorf starfsfólk hefur mikið með þetta að segja og teljum við okkur hafa náð að vinna einstaklingsmiðað og aðlaga að hverjum og einum sem er jú okkar hlutverk sem kennarar og aðstoðarkennarar.

Starfsnám

Nemendum var skipt í tvo hópa, þ.e. nemendur sem voru á fyrsta og öðru ári voru saman og nemendur á þriðja og fjórða ári voru saman í hópi. Nemendur voru þó stundum saman í þessum tímum og fóru saman sem hópur í vettvangsferðir. Dæmi um vettvangsferðir sem farið var á þessu skólaári var, heimsókn í Toyota, heimsókn í Dýrasetrið, heimsókn í Víkingaheima, heimsókn á öldrunarheimili. Nemendur á þriðja og fjórða ári fóru út á vettvang og störfuðu í 4-14 vikur í senn. Vettvangsstaðir voru eftirfarandi: Pizza Islandia, Ragnarssel, Langbest, Skeifan – vélsmiðja Grindavíkur, Bónus, KFC, leikskólinn Garðasel, Bakaríið í Grindavík, Aðalbraut í Grindavík, leikskólinn Sólborg í Sandgerði, Reykjaneshöllin, Veiðafæraþjónustan, leikskólinn Laut, Fríhöfnin, Tónlistarskólinn í Garðinum, Bílasprautun Suðurnesja og leikskólinn Krókur í Grindavík.

Fundur kennslustjóra

Þann 19. mars fóru kennslustjórar starfsbrauta 1 og 2 í Menntamálaráðuneytið á fund með öllum kennslustjórum á landinu. Áherslan var lögð á námskrágerð og umræður um ný framhaldsskólalög. Aðili frá Félagsmálaráðuneytinu kom og kynnti nýtt þjónustumat sem á að leggja fyrir á öllu landinu á næstu vikum og mánuðum. Tveir kennarar voru með kynningu á námsefni og er undirrituð önnur þeirra sem var með kynningu en heimilisfræðiverkefni sem undirrituð hefur verið að þróa og vinna að síðustu ár var kynnt.

Vorferð

20. apríl fóru nemendur á starfsbraut 1 og 2 í vettvangsferð. Farið var með rútu til Reykjavíkur þar sem leiðin lá í Perluna. Nemendur gengu um og skoðuðu og svo var einnig stóri tónlistar- og myndbandamarkaðurinn sem nokkrir nemendur nýttu sér og keyptu sér það sem þeim fannst áhugavert. Næst var farið í Kringluna og fengu nemendur sér að borða þar. Að lokum var farið í Háskóli Íslands. Í Háskólanum fengu nemendur kynningu á Diplómanámi fyrir nemendur sem lokið hafa námi á starfsbrautum. Nemendur voru nokkuð áhugasamir og spurðu ýmissa spurninga, ásamt því að hafa verið búnir að undirbúið sig með því að búa til spurningar. Vorferð þessi heppnaðist mjög vel að mínu mati, ástæðan fyrir vali á heimsókn í HÍ er sú að mikilvægt er fyrir nemendur og kennara að vera meðvitaða um hvað er í boði fyrir nemendur eftir útskrift. Mikilvægt er fyrir kennara sem sjá um starfsnám að

vera meðvitaðir um uppbyggingu og áherslur í háskólanámi fyrir nemendur á starfsbraut, því þá geta þeir aðlagð og lagt grunnin í starfsnámi nemenda á þriðja og fjórða ári, þ.e. hjá þeim nemendum sem hafa áhuga á að vinna í leikskólum, frístundaheimilum, bókasöfnum eða íþróttaskólum. Útbúin var félagshæfnisaga fyrir nemendur í þeim tilgangi að undirbúa og upplýsa nemendur fyrir þennan óhefðbundna dag.

Próf

Áfangar voru ýmist með lokaprófi eða próflausir. Allir nemendur tóku lokapróf sem voru sniðin að hverjum og einum. Einn nemandi fékk námsmat fyrir allar þær námsgreinar sem hann var í og er það liður í því að koma til móts við þarfir hvers og eins (hann tók einnig próf). Prófin voru aðlöguð að hverjum og einum, nemendur byrjuðu alltaf í prófum kl. 08:15 og fylgdu skipulagi skólans, þ.e. þegar aðrir nemendur voru í íslenskuprófi tóku nemendur á starfsbraut einnig íslenskupróf og svo framvegis.

Undanfarin ár hefur verið dregið úr prófum hjá nemendum á starfsbraut. Eftir að hafa skoðað kosti og galla prófa hjá nemendum á starfsbraut þá var ákveðið að fjölga prófum í ár. Það er mín skoðun að ef nemendur hafa sótt tíma í ákveðinni námsgrein heila önn og þar af leiðandi hefur kennari kennt og útbúið námsefni í eina námsönn að þá sé hægt að prófa úr því sem unnið var með í tímum. Námsmat er eitthvað sem við erum sífellt að endurmeta. Að mínu mati á námsmatið að hafa mestu þýðinguna fyrir kennarar, þ.e. gefa vísbendingar um svör við spurningar eins og „kunna nemendur námsefnið sem verið var að leggja inn?“ voru kennsluáðferðirnar að virka?“ „var verið að mæta nemandanum þar sem hann var staddur?“ „var nemandinn að bæta sig“ og „voru gerðar viðeigandi kröfur til nemandans?“.

Fundur samstarfsskólanna

7. apríl var samráðsfundur í FS með kennurum frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Kennarar af starfsbrautum eyddu deginum saman, fyrir hádegi var talað um fundinn sem haldinn var í Menntamálaráðuneytinu í mars. Eftir hádegi kynntu fagstjórar á starfsbraut 1 og 2 starfið í FS og kennarar og starfsfólk úr hinum skólunum sögðu einnig frá starfinu í sínum skólum. Námsefni, forrit og kennslugögn sem notuð eru í FS voru til sýnis.

Útskrift

Fimm nemendur útskrifuðust 22. maí 2010. Gaman er að segja frá því að útskriftarnemendur óskuðu ítrekað eftir því við okkur kennara á starfsbrautinni að fara í útskriftarferð saman. Þriðjudag 18. maí fórum við í óvissuferð, áttum góða stund með útskriftarnemendum, fórum í Keilu og fengum okkur pizzu og ís. Nemendur sáu um veitingarsölu á söngvakeppninni sem haldin var í FS og náðu að safna peningum upp í rútu fyrir útskriftarferðinni. Skólinn sá síðan um að greiða afgangsrútukostnað.

Nám og námskeið starfsmanna

Þórunn Svava Róbertsdóttir hóf meistaranám í stjórnunarfræðum menntastofnana haust 2009. Þórunn, Telma Rut Eiríksdóttir (þroskaþjálfanemi) og Guðbjört Ingólfssdóttir sóttu námskeið í punktalettri á vorönn.

Rannveig Lund kom á fagfund á vorönninni. Rannveig Lund er sérkennari með meistaraáráðu í uppeldis- og menntunarfræðum. Sérvið hennar eru kennsla og þróun prófa til þess að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika. Rannveig var með fræðslu um lestrarkennslu fullorðinna fyrir alla starfsmenn starfsbrautarinnar. Fræðsla var mjög gagnleg að mínu mati og fengum við einstaklingsráðgjöf og góðar upplýsingar sem nýttust vel í starfi með nemendum okkar. Fræðslan stóð yfir í tvær klukkustundir.

Sigrún Jóhannsdóttir, talmeinafræðingur frá tölvumiðstöð fatlaðra kom í FS og leiðbeindi með notkun tölvumúsar og kynnti vefslóðir sem gætu hugsanlega nýst okkar nemendahóp.

Sigrún Grendal, talmeinafræðingur kom í september og leiðbeindi með málörvun fyrir einn nemanda. Sigrún var mjög sátt við þær aðferðir sem notaðar eru í FS og vildi fá að fylgjast með í framtíðinni.

Heimsóknir starfsmanna

Föstudaginn 12. mars fóru starfsmenn starfsbrautar 1 og 2 í heimsókn í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Tilgangurinn með heimsókninni var að miðla upplýsingum, námsefni og kynnst starfsemi annarra starfsbrauta.

28.apríl fór Þórunn S. Róbertsdóttir, Elín Þ. Samúelsdóttir og Telma Rut Eiríksdóttir, þroskaþjálfanemi í Hópsskóla í Grindavík sem er nýr skóli fyrir yngsta stig. Tilgangurinn með heimsókninni var að skoða 2 skynörvunarherbergi sem eru á staðnum. Herbergin voru formlega tekin í notkun eftir páska á þessu ári. Hönnun á herbergjunum var í umsjá skólastjórans í Hópsskóla, en hún vinnur þessa dagana að þróunarverkefni í tengslum við herbergin. Herbergin eru til fyrirmyndar og búnaðurinn er mjög flottur til dæmis eru vatnssúlurnar fengnar hjá fyrirtæki sem sérhæfa sig í skynörvunar vörum. Hægt er að gera slík herbergi á mjög einfaldan hátt án mikils kostnaðar.

Það væri gaman að sjá aðstöðu til skynörvunar í FS en eins og við ræddum eftir heimsóknina væri hægt að nýta búnað sem fyrir er á staðnum. Til dæmis væri hægt að hafa róandi tónlist í spilurum sem til eru á starfsbrautinni eða fá tónlistina í gegnum tölvu og þá væri á sama tíma hægt að hafa hreyfimyndir af öllu mögulegu. Einnig væri hægt að búa til þunga sæng með hrísgrjónum, tennisboltum eða öðru slíku. Mikilvægt væri þá að hafa sængurnar nógu þungar því að einstaklingarnir eru fullorðnir á starfsbrautinni og þola þungann. Aðstaða til skynörvunar gæti nýst öllum nemendum á starfsbrautinni en þó sérstaklega nemendum sem bundnir eru við hjólastól og þurfa reglulega að færa sig úr

hjólástólunum í hægingastólinn á staðnum. Einnig gæti aðstaðan nýst nemendum ef þeir eru í uppnámi eða liggur illa á þeim. Sniðugt væri að hafa skynörvun á stundatöflu ákveðinna nemenda. Í þessum stundum gætu þeir hlustað á ákveðna tónlist og jafnvel geta valið sjálfir rólega tónlist.

Þann 4. maí fóru Þórunn S. Róbertsdóttir og Telma Rut Eiríksdóttir, þroskaþjálfanemi í heimsókn í sérdeildina í Holtaskóla í Reykjanesbæ. Skólinn tekur við nemendum af öllum Suðurnesjum sem eru á einhverfurófinu. Til að byrja með skoðuðum við einhverfudeildina en þar eru nemendur sem eru einhversstaðar á einhverfurófinu auk nokkurra nemenda með aðrar fatlanir, þessir nemendur koma víðsvegar af Suðurnesjum. Í deildinni eru 23 nemendur, 2 þroskaþjálfar og 12 leiðbeinendur (þar af 3 karlmenn).

Þann 9. apríl komu gestir frá Danmörku í heimsókn í FS, þau koma frá NUD sem er norræn þekkingarmiðstöð sem sér um að mennta starfsfólk sem vinnur með daufblindum. Elín Þ. Samúelsdóttir, þroskaþjálfari sagði frá starfinu í FS og hvernig venjuleg dagskrá er hjá einum daufblindum nemanda. Hún lýsti líka hverjum áfanga sem hann er í og hvernig áherslur eru í kennslunni og sýndi þeim myndir úr starfinu. Þroskaþjálfanemi kynnti verkefni sitt fyrir þeim og voru þau áhugasöm um að vita hvort aðferðin bæri árangur á endanum.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, ráðgjafi frá þjónustu og þekkingarmiðstöð hefur komið nokkrum sinnum í vetur og fylgst með í kennslustundum, veitt ráðgjöf og aðstoðað við verkefnagerð. Guðný Katrín Einarsdóttir, umferlisráðgjafi frá þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur komið í FS reglulega með ráðgjöf, kennslu fyrir nemenda og kennara. Samstarf við þessa fagaðila hefur komið mjög vel út og er það von mín að samstarf þetta haldi áfram á næsta skólaári.

Háskólanemendur

Telma Rut Eiríksdóttir nemandi í þroskaþjálfarafræðum við Háskóla Íslands var í vettvangsnámi hjá okkur frá 15. mars – 7. maí 2010. Vettvangsnám þetta var mjög vel skipulagt. Kennari fundaði með Telmu á hverjum mánudegi og afhentu henni stundaskrá fyrir vikuna, fór yfir leiðarbók sem hún vann og aðstoðaði hana við einstaklingsnámskrágerð. Telma Rut stóð sig með þryði í vettvangsnáminu og var þroskaþjálfastéttinni til sóma. Leiðbeinandi hennar var Þórunn Svava Róbertsdóttir.

Á skólaárinu komu namar í stuttar kynnisheimsóknir, s.s. þroskaþjálfanemi kom á vorönn og kynnti sér starfseminu. Fagstjórar starfsbrautar 1 og 2 sáu um kynninguna. Í mars komu fjórir aðilar frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar og fengu kynningu á starfsbrautinni.

Fagfundir

Á haustönn voru fagfundir tvisvar sinnum í viku. En einu sinni á vorönn, þ.e. á fimmtudögum kl. 14:20. Áhersla var lögð á umræðu um faglegt starf, miðlað upplýsingum og mismunandi ráðgjöf og fræðsla var nokkrum sinnum í boði. Fræðsluefni var kynnt og starfsfólk hvatt til að

lesa sér til, ásamt því var lögð áhersla á að allir starfsmenn fengju að tjá sig og ræða um það sem þeim lá á hjarta hverju sinni.

Fagstjóri hélt reglulega fundi með starfsmanni sem var nýlega byrjaður í starfi og óskaði eftir reglulegum fundum í þeim tilgangi að fara yfir dagleg vinnubrögð. Fundirnir voru einu sinni í viku fram að miðri vorönn, en þá voru þeir óreglulegri.

Bæklingar

Þórunn Svava Róbertsdóttir og Ásta Birna Ólafsdóttir unnu tvo bæklinga á síðasta skólaári. Það var annars vegar „*kynningabæklingur um starfsbraut 2*“ og hins vegar „*Hugmyndafræði á starfsbraut 2*“. Markmiðið með gerð þessa bæklinga er að móta skýra stefnu brautarinnar í orði jafnt sem borði. Mikilvægt er að móta heildstæða stefnu starfsbrautarinnar í þeim tilgangi að samræma vinnubrögð og veita kennurum faglegar leiðbeiningar sem hægt er að styðjast við þegar verið er að undirbúa og endurmeta áherslur í starfi. Hægt er nálgast þessa bæklinga hjá fagstjóra og er ætlunin að afhenda nemum og öðrum gestum eintök af þeim þegar það á við. Bæklingar þessir voru endurskoðaðir á þessari önn og er ætlunin að gera það á hverju ári.

Þróunarverkefni

Undirrituð sótti um styrk í þróunarsjóð námsgagna og fékk hún úthlutað 500.000 kr. styrk til að vinna bók um félagshæfnisögur fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla og á starfsbrautum. Ástæðan fyrir umsókninni var m.a. sú að ég vil leiða faglegt starf við starfsbrautir framhaldsskóla. Ég vil leggja áherslu á að sérhver nemandi fái að njóta sín á eigin forsendum og að unnið sé út frá þörfum og áhugasviði hvers og eins. Að mínu mati er námsefni fyrir nemendur á Starfsbrautum ekki aðgengilegt og því miður hef ég séð og upplifað að verið er að nota námsefni sem tekur einungis mið af getu nemenda, en ekki af lífaldri þeirra. Oftar en ekki hafa nemendur unnið verkefnin áður og stundum oftar en einu sinni og tvisvar sinnum..... Ástæðan fyrir þessu tel ég vera augljósa, þ.e. framboð á námsefni fyrir þennan hóp er mjög takmarkað. Það er mín skoðun að taka þarf mið af lífaldri, áhugasviði og getu hvers og eins þegar námsefnagerð er unnin. Félagshæfnisögur hafa mikið verið notaðar á starfsbrautinni. Félagshæfnisögur hafa reynst vel í þeim tilgangi að bæta félagslega hæfni og innsæi einstaklinga á einhverfurófi. Við höfum prófað okkur áfram í sögugerðinni og það er okkar mat að sögurnar nýtast öllum okkar nemendum. Þær eru notaðar til að taka á erfiðum aðstæðum sem upp kunna að koma, undirbúa breytingar eða einstaka atburði. Áætlað er að ljúka verkefninu í júní 2011.

Leonardo starfsmenntun

Sótt var um styrk í Leonardo starfsmenntun en kennarar á starfsbraut 1 sáu um undirbúningsvinnu og umsóknarferlið. Markmið nýrrar Menntaáætlunar Evrópusambandsins, *The Lifelong Learning Programme*, er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samstarf og samnýtingu reynslu og

þekkingar um menntun og þjálfun innan Evrópu. Í stuttu máli sagt var starfsbrautinni úthlutað 21.600 evrum sem munu verða nýttar með því að fjórir kennarar og sex nemendur munu fara til Finnlands og kynna sér verklegt nám sem er í boði fyrir nemendur með sérþarfir á framhaldsskólastigi. Styrkur eins og þessi veitir okkur tækifæri til að kynnast nýrri hugmyndafræði og styrja verklegt nám nemenda í FS.

Kynningar

Kynningin sem undirrituð útbjó í fyrra var endurskoðuð og var fyrst kynnt í haust á foreldrafundi. Það kom greinilega í ljós að mikil þörf var fyrir svona kynningu, þar sem mikið er um að fagfólk, foreldrar og aðrir áhugasamir um starfsbrautina óski eftir kynningu á starfinu. Sem dæmi má nefna að kynningin var nýtt fyrir þroskaþjálfu og þroskaþjálfanema, samstarfsskólana og starfsmenn Reykjanesbæjar. Einnig var boðið upp á almenna kynningu á starfsbrautinni og sáu námsráðgjafar um að senda auglýsingu út í grunnskólana á svæðinu. Mjög góð mæting var og er ætlunin að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Fagstjórar sáu um kynninguna.

Að lokum

Veturinn hefur verið áhugaverður, skemmtilegur og krefjandi. Aldrei hafa nemendur á starfsbraut 2 verið svona margir og miklar breytingar hafa átt sér stað. Að mínu mati hafa nemendur tekið út mikinn þroska og færni á mörgum sviðum. Ég hef oft litið á mig sem nemanda, því nemendur á starfsbraut 2 hafa ekki síður kennt mér nýja sýn, ný viðhorf og að hugsa í lausnum en ekki í vandamálum eða hindrunum. Á starfsbraut 2 hefur verið unnið metnaðarfullt starf, lögð hefur verið áhersla á einstaklingsmiðað nám og að skapa aðlaðandi umhverfið fyrir nemendur og kennarar. Ég á eftir að sakna nýútskrifaðra nemenda sem hafa verið til staðar í þau fjögur ár sem ég hef kennt í FS, en óska þeim velgengni og vellíðan í framtíðinni og er fullviss um það að þau verði fær um að taka þátt í atvinnulífinu og veðri samfélaginu sem við búum í til sóma.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, fagstjóri á starfsbraut 2, tók saman.

8. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók og er hægt að leita í kerfinu í gegnum vef skólans. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2009-2010

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30, föstudaga kl. 8:00-15:00 og á þriðjudögum kl. 19:00-21:00. Alls var safnið því opið 43 tíma í viku. Aðsókn að safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlán eru heldur færri en undanfarin ár en lán innan safns fleiri og er það m.a. vegna þess að í nokkrum stórum verkefnum voru safngögn ekki lánuð út en nemendur notuðu þau í staðinn á safninu og í kennslustofum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í rúm 20 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2009-2010	Safnkostur	Aðföng 2009-2010	
Bækur	239	16.769	Keypt	172
Myndefni	10	976	Aðsent	38
Hljóðefni	0	239	Gjafir	46
Hljóðbækur	3	86		
Margmiðlunardiskar	3	72	Kennslubækur	23
Annað	1	8		
Samtals	256	18.150		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	5	500 Raunvísindi	9
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	5	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	25
200 Trúarbrögð	2	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	28
300 Samfélagsfræðigreinar	41	800 Bókmenntir	108
400 Tungumál	9	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	24

Tímaritaáskriftir: 38

Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

000 Almennt efni	9
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	44
200 Trúarbrögð	51
300 Samfélagsfræðigreinar	87
400 Tungumál	9
500 Raunvísindi	28
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	83
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	228
800 Bókmenntir	967
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	190

Millisafnalán: 9

Lán innan safns: 952

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.

9. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Skólaárið 2009-2010 voru þrjú námsráðgjafar starfandi við skólann í upphafi haustannar. Sunna Gunnarsdóttir fór í fæðingarorlof í ágúst, Elín var í 50% stöðu sem námsráðgjafi og á móti var hún í 50% stöðu sem áfangastjóri. Sesselja var í 100% stöðu sem námsráðgjafi þar til um miðjan janúar þegar hún fór í fæðingarorlof. Í byrjun febrúar var Helga Valey Erlendsdóttir ráðin í afleysingar í 50% starf sem ráðgjafi. Guðbjörg Jónatansdóttir náms- og starfsráðgjafi leysti einnig af í námsráðgjöf ca 5 tíma á viku frá miðjum febrúar. Nemendafjöldi á haustönn 2009 var u.þ.b. 1030 og um 1000 á vorönn 2010. Í kvöldskólanum voru u.þ.b. 150 nemendur á hvorri önn.

Verkaskipting námsráðgjafa

Verkaskipting námsráðgjafa var í nokkru uppnámi þetta skólaárið sökum undirmönnunar og því reynt að leggja áherslu á velferð nemenda og að sinna því allra mikilvægasta.

Sesselja hefur verið með náms- og starfsfræðslu í lífsleiknihópunum á haustönn, hún kynnti einnig þjónustu námsráðgjafa á starfsbraut. Sesselja fór með fyrirlestur um ferilmöppugerð í umsjónartíma hjá útskriftarnemendum á báðum önnum. Að þessu sinni sá Sesselja að mestu um kynningar í grunnskólum á svæðinu. Hún hefur einnig séð um prófkvíða-, sjálfstyrkingar- og námstækninámskeið innan skólans. Sesselja hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d.við að halda utan um námið.

Elín hefur haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika og haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar. Hún hefur haft umsjón með innritun í fornám og unnið með kennurum í fornámi. Elín fór inn í lífsleikni- og samhópa með námstækninámskeið. Hún var einnig með fyrirlestur um prófkvíða og prófundirbúning í fornámshópum og á hársnyrtibraut. Elín sá að mestu um móttöku grunnskólanema sem komu í heimsókn til okkar í vetur. Helga Valey kom einnig inn í þessar kynningar. Elín hefur sinnt tengslastarfi við Virkjun í vetur og sótt ýmsa fundi þar. Þá hefur hún séð um skipulag fyrir umsjónartíma og er umsjónarkennari nemenda eldri en 18 ára. Elín hefur setið andafundi og komið inn í ýmsa vinnu með stjórnendum.

Helga Valey kom til starfa sem ráðgjafi í byrjun febrúar og sá að mestu um val á almennri braut svo og önnur almenn störf sem til féllu í ráðgjöf. Helga Valey aðstoðaði einnig við móttöku 9. bekinga sem komu í kynningarheimsókn í skólann.

Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum. Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almennum viðtölum hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Allir námsráðgjafar hafa sótt fundi í Virkjun varðandi skipulag og starfsemi í Virkjun mannauðs á Suðurnesjum og hafa verið með ráðgjöf í Virkjun. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru á lausu. Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að nemendur í kvöldskóla leiti til námsráðgjafa svo og fólk sem er að velta fyrir sér að hefja námi við skólann. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin svo og foreldrar nemenda okkar. Mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga þó ekki bókað viðtal. Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma og /eða tölvupósti.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar og fer fjöldi þeirra nemenda vaxandi. Þó nokkur hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s. námstækni, pöntunar á hljóðsnældum, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt. Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina í leit að starfi en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið. Í haust var tekin upp sú nýbreytni að nemendur sem skráðir eru á safnið sækja um lykilorð á heimasíðu Blindrabókasafnsins og í framhaldinu geta þeir hlaðið niður sjálfir ýmsu efni sem Blindrabókasafnið er með hvort heldur er um námsefni að ræða eða efni til afþreyingar. Undanfarin ár hafa gögn frá grunnskólunum varðandi lestrargreiningar og annað verið að

skila sér inn til okkar fyrr og betur en áður. Þetta er afar mikilvægt svo að nemendur fái viðeigandi þjónustu sem fyrst.

Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla. Á vorönn 2010 liggja fyrir um 110 greiningar um dyslexíu hjá nemendum FS. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhverskonar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu. Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Hafa 30 nemendur skilað inn greiningum varðandi ADHD. Þetta er nokkur aukning frá því sem verið hefur. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar eftir því sem við á. Þetta er gert í upphafi anna.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Námsráðgjafi hefur veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkviðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkviðanámskeið í nóvember og annað í mars. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkviða og sjálfsstyrkingu. Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Einstaka nemendur hafa fengið að taka prófin í einrúmi og er þá reynt að finna aðstöðu fyrir hvern og einn. Námsráðgjafi heldur utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil.

Nokkur undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem taldir eru þurfa á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi. Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

Fornám og starfsbraut

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Elínar námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að aflokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi kemur einnig inn í vinnu varðandi náms-og starfsfræðslu með kennara í lífsleikni. Námsráðgjafi er með fræðslu fyrir nemendur í fornámi varðandi námstækni og próftöku. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar valið er að vori notar námsráðgjafinn tækifærið og ræðir við nemendur einstaklingslega um framtíðarsýn viðkomandi og hvert hann stefnir í námi. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Námsráðgjafar eru umsjónarmönnum starfsbrautar innan handar eftir þörfum s.s. varðandi val, samskipti við foreldra, samskipti við félagsmálastofnun, samskipti við Greiningastöðina og agamál svo eitthvað sé nefnt.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra á samræmdum prófum. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans. Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað. Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum. Sérstakur fundur var með foreldrum nemenda í fornámi s.l. haust en eftir áramót boðaði hver umsjónarkennari sína nemendur í einstaklingsviðtal ásamt foreldri þar sem námið og gengi þess var rætt. Þessir fundir voru hugsaðir til kynningar og til að hvetja fólk til dáða.

Námskeið og fagfundir

Ekki vannst mikill tími til endurmenntunar þetta skólaárið sökum anna.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

Skólaheimsóknir

Námsráðgjafar heimsóttu alla 10. bekkinga á svæðinu á haustönn og kynntu inntökuskilyrði í framhaldsskóla, námsframboð skólans og svöruðu fyrirspurnum. Á vorönn komu 9. bekkingar

grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS. Þar sem valfögum hefur fjölgað í grunnskólunum og vægi þeirra aukist þá er mikilvægt að gefa nemendum í 9. bekk færi á að kynnst Fjölbrautaskóla Suðurnesja áður en þeir taka ákvörðun um valáfanga fyrir 10. bekk. Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Aðrir hópar hafa einnig fengið heimsóknir s.s. viðskiptagreinar og verknámsgreinar. Á árinu höfum við einnig fengið kynningar á tækninámi í Danmörku sem hefur þá sérstaklega verið beint að verknámi og nemendum öllum.

Liðveisla

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 og 202 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá Fjölskyldu- og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og Fjölskyldu- og félagsmáladeildir í nágrannasveitafélögum. Tímum sem félagsþjónustan ráðstafar í þetta hefur fækkað þannig að vægi áfangans hefur minnkað í samræmi við það.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf s.s. töflubreytingar og að slá inn val og breyta vali í lok anna og annað sem tilheyrir þessum annatímum.

Aðrir samstarfsaðilar

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands
Blindrabókasafnið
BUGL- Barna- og unglingageðdeildin
Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum
Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar
Greiningastöð Ríkisins
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum
Skólar á háskólastigi
Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum
Vinnumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Elín Rut Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, tók saman.

10. Skýrsla kvöldskóla

Skýrsla þessi er unnin til að skýra frá starfi kvöldskólans vorið 2010. Tekið er saman hvernig undirbúningur fór fram, hvar og hvernig var auglýst og hvernig innritun fór fram. Tekinn er saman nemendafjöldi og fjöldi í hverjum áfanga. Fram kemur hvaða áfangar voru í boði og hvaða áfangar voru kenndir og hverjir kenndu.

Undirbúningur vorannar 2010

Undirbúningur vorannar 2010 hófst í nóvember á því að setja saman áfanga í boði. Strax í byrjun desember var hægt að innrita sig á netinu.

Auglýsingar – skrifstofuhald - innritunargjöld

Auglýst var í Víkurfréttum, sem kom út innritunardaginn 7. janúar. Innritað var í skólanum 7. og 8. janúar. Breytt fyrirkomulag var á innritunargjöldum. Skráningagjaldið var 6.000 kr. og að auki 2.500 kr. við hverja einingu sem tekin var. Þetta varð til þess að lækkun var á innritunargjöldum fyrir þá sem voru með einn til tvo áfanga. Þannig var einn 2ja eininga áfangi komin í 11.000 og 3ja eininga áfangi í 13.500 kr. í stað 15.000 kr. áður.

Þar sem húsasmíðin fluttist yfir í dagskóla og ekki náðist í grunndeild málm- og véltækni, voru engin efnisgjöld innheimt þessa önnina.

Innritun – fjöldi nemenda, skipting eftir sveitafélögum

Innritun fór fram á neti strax í desemberbyrjun auk þess sem innritað var í skólanum dagana 7. og 8. janúar. Innritun lauk á neti 9. janúar. Alltaf er eitthvað um það að fólk hafi samband eftir að kenndir áfangar hafa verið birtir og því þéttist aðeins í þeim hópum fyrstu kennsluvíkuna. Heildarfjöldi nemenda í kvöldskólanum var 75. Þar af voru 13 nemendur sem stunda líka nám við dagsskólann. Auk þess voru 30 umsóknir sem bárust sem ekki fengu inn áfanga eða nemendur hættu við.

Skipting eftir sveitafélögum er þannig:

	Fjöldi
Garður	1
Grindavík	13
Reykjanesbær	48
Sandgerði	7

Vogar	5
Önnur sveitafélög	1
Samtals	75

Áfangar kenndir – kennarar

Áfangi	Fjöldi í hóp	Kennari
DAN2026	18	Rósa Sigurðardóttir
ÍSL1026	13	Einar Valgeir Arason
GRT/TEH alls	12	Björn Sturlaugsson
GRT1036	2	kenndir saman
GRT2036	1	kenndir saman
TEH1036	1	kenndir saman
TEH2036	2	kenndir saman
TEH3036	6	kenndir saman
LOL2036	12	Ása Einarsdóttir
STÆ1226	14	Sigrún Eugenio Jónsdóttir
THL alls	11	Hanna Vilhjálmsdóttir
THL2036	9	kenndir saman
THL3036	2	kenndir saman
UTN alls	14	Sturla Bragason
UTN1036	9	kenndir saman
UTN2036	5	kenndir saman

Sigrún Eugenio Jónsdóttir, umsjónarmaður með Kvöldskóla, tók saman.

11. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Þetta er sjöunda önnin sem FS býður uppá viðtalstíma hjá hjúkrunarfræðingi. Eins og áður voru fjórir dagar vikunnar notaðir sem dreifðust yfir stuðlana en einu sinni í stoði. Auglýsing um tímana var á töflunni en einnig á skrifstofu hjúkrunarfræðingsins. Ef ég hugsa hvað einkenndi þessa önn þá er nýtingin svipuð og áður en skarpri skil hvað ástæður varðar, stúlkurnar komu frekar vegna kvíða og áhyggja en drengirnir höfðu frekar meitt sig og leituðu eftir sáraskiptingum, þó þetta sé mikil einföldun. Fleiri kennarar og starfsmenn hafa einnig sótt í tékk, aðhald og eftirfylgni en áður. Einnig hef ég oftari verið kölluð til utan viðverutíma á þessari önn til að meta heilsufarskvartanir nemenda. Almennt tel ég að nemendur og foreldrar viti af þessari þjónustu í skólanum enda hafa viðtalstímar hjúkrunarfræðings á vegum skólans fest sig í sessi. Það hafa komið dagar þar sem enginn

nemandi hefur komið í viðtal en oftast mæta einhverjir þótt viðtalstímarnir hafi verið á breytilegum tíma frá degi til dags.

Samtals hafa komur og fleira verið 140 sinnum og skiptast þannig:

Stúlkur - 52 sinnum.

Drengir - 43 sinnum.

Kennarar og starfsmenn – 32 sinnum.

Sími – 4 sinnum.

Annað – 9 sinnum.

Ekki hefur fræðsla vegna tóbaksnotkunar verið á þessari önn.

Samvinna var áfram við mötuneytið á önninni og náðum við í manneldisnefndinni að halda formlegan fund með öllu fulltrúum. Stefnt er að því að vera með fundi a.m.k. einu sinni á önn.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.

12. Skýrsla forvarnarfulltrúa

Skýrsla ekki fáanleg.

13. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2009-2010 sat félagslífsfulltrúi samtals 20 fundi með stjórn N.F.S. Fundirnir voru haldnir á mánudögum kl. 16:20. Hans helsta starf var að miðla upplýsingum til stjórnenda og kennara skólans, óska eftir leyfi fyrir ýmsum uppákomum á vegum nemendafélagsins og aðstoða stjórnina við lausn ýmissa mála. Þá sat hann nokkra fundi með forvarnarfulltrúa FS, lögreglu og skólameistara vegna dansleikja á vegum félagsins. Undir lok annar fór hann líka á fund hjá Securitas með forvarnarfulltrúa þar sem kynntar voru græjur til að mæla hvort nemendur séu undir áhrifum ákveðinna fíkniefna, en Securitas er með þessi tæki til sölu.

Í byrjun annar var samkomulag gert á milli skólastjórnar, nemendafélags og lögreglu um dansleiki, skemmtanir og forvarnarstarf. Félagslífsfulltrúi var við störf á öllum dansleikjum vetrarins nema þeim síðasta sem hann komst ekki á vegna fæðingarorlofs. Dansleikir gengu almennt vel.

Vegna ákveðinna aðstæðna fékk nemendafélagið leyfi til að halda fyrsta ball skólaársins, Busaballið, á föstudagskvöldi. Skýrt var kveðið á um að þetta væri algjör undantekning og að framvegis yrðu öll böll í miðri viku og ekki kvöldið fyrir frídag. Í kjölfar þessa balls var í samráði við lögreglu, ákveðið að herða eftirlit með drykkju og fá lögregluna

til að vera með áfengismæla við inngang á næsta balli á eftir. Þetta hefur verið gert víða í skólum höfuðborgarinnar og virðist almennt vera stefnan í framhaldsskólum landsins. Stjórn nemendafélagsins var ósátt við þessa ákvörðun og komu umræður um hana upp reglulega yfir skólaárið. Dansleikir gengu þó almennt vel og voru ágætlega sóttir. Síðasta kennsludag fyrir páskafrí hélt nemendafélagið tónleika í Andrew's theater á Vallarheiði. Tónleikarnir voru mjög vel sóttir og fóru vel fram.

Þann 29. janúar fór undirrituð á fund í menntamálaráðuneytinu sem ráðuneytið og samtökin Heimili og skóli stóðu fyrir undir yfirskriftinni Öflugt foreldrasamstarf á framhaldsskólastigi. Mörg áhugaverð erindi voru á fundinum m.a. frá Geiri Jóni Þórisssyni, yfirlögregluþjóni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Hanna María Kristjánsdóttir, félagslífsfulltrúi, tók saman.

14. Skýrsla stjórnar NFS

Skólaárið 2009-2010 bauð upp á mikið fyrir meðlimi N.F.S. sem og aðra. Mikil eftirvænting var hjá okkur stjórnarmeðlimum, sem og nemendum, fyrir þetta skólaár enda félagslífið að blómstra meira með hverju árinu og vildum við viðhalda þeirri hefð áfram. Tilgangur þessarar skýrslu er að sýna hvernig til tókst á skólaárinu og nefna kosti og galla við hvern viðburð og nefna helstu tölur við hvern viðburð svo komandi stjórnir geti nýtt sér okkar þekkingu og unnið út frá því. Tölurnar gefa ekki 100% nákvæma mynd, en allavega mjög nálægt því. Allar tölur eru námundaðar að heilu hundraði. Hefst þá yfirferðin!

Stjórn N.F.S.

Nýr maður bættist við stjórn N.F.S. fyrir skólaárið en á aðalfundi N.F.S. var samþykkt að bæta við markaðsstjóra og yrði hann valinn úr hópi umsækjenda en árið eftir kosinn eins og aðrir stjórnarmeðlimir. Einnig urðu einhverjar hræringar í stjórninni þetta árið.

Formaður: Sigfús Jóhann Árnason

Varaformaður: Hildur Björk Pálsdóttir

Ritari: Bjarki Rúnarsson

Gjaldkeri: Birna Ásbjörnsdóttir

Formaður skemmtinefndar: Garðar Örn Arnarsson (haust '09) Birgir Ólafsson (vor '10)

Íþróttameistari: Jón Þór Gylfason (haust '09) Sigurður Jónsson (vor '10)

Markaðsstjóri: Andri Þór Ólafsson (sagði af sér í lok skólaárs v. persónulegra ástæðna)

Meðstjórnandi (nýnemi): Þórarinn Gunnarsson

Félagsgjald

Á aðalfundi var ákveðið að hækka félagsgjald úr 2500 í 3500. Á haustönninni voru um 1100 manns í dagskóla, þar af um 950 í N.F.S. Á vorönn voru færri nemendur í skólanum og

fækkaði sömuleiðis í N.F.S. og voru þá skráðir um það bil 820 meðlimir. Innkoma af félagsgjöldum var þá þessi:

Vorönn: $950 \cdot 3500 = 3.325.000$ kr.

Haustönn: $820 \cdot 3500 = 2.870.000$ kr.

Samtals höfðum við þá 6.195.000 kr. milli handanna.

Skuldir fyrri stjórnar

Við sátum uppi með nokkra reikninga frá fyrri stjórn sem særðu okkur örlítið.

STEF: 79.400 kr.

Kostnaður vegna balls: 144.300 kr.

MORFís miðar: 310.000 kr.

Virkjun – Ásbrú

Nemendafélagið fékk húsnæði í Virkjun uppi á gamla vallarsvæðinu. Hugsunin á bak við það var að geta fundað þar t.d. yfir sumartímann þegar skólinn er lokaður og koma fyrir myndatökustúdíói sem og klippiaðstöðu til að klippa til myndefni. Húsið kom sér mjög vel m.a. fyrir ritstjórn sem nýtti sér stúdíóið mikið. Hinsvegar lentum við í leiðinlegu atviki þegar brotist var inn í húsið og nýrri tölvu, flökkurum, skjá og hátölurum var rænt. Flakkararnir fundust hins vegar við leit lögreglu í húsi en tölvan og það dót var horfið. Við erum samt sem áður ennþá með húsið og notum það til fundarhalda sem og fyrir myndatökur. Þannig viljum við nefna það við ykkur að passa sérstaklega hvar eigur N.F.S. eru geymdar þar sem við erum ekki tryggð.

Tölvan – 2 skjáir – hátalarar – lyklaborð og mús kostuðu okkur: 184.500 kr.

Green-screen bakgrunnar: 26.100 kr.

Busadagur – Busaball

Busadagurinn var haldinn hátíðlegur á föstudegi, sem verður eflaust ekki leyft aftur vegna frídags daginn eftir og skiljum við það svo sem. Vel mætt var á ballið, eflaust það stærsta í sögu N.F.S.

MORFís

Mikil eftirvænting var fyrir keppninni í ár eftir gott gengi á síðasta ári. Af einhverjum ástæðum fara mjög miklir peningar í þetta, þá aðallega þjálfaralaun og finnst mér það satt að segja einum of mikið. Tel að það væri hægt að lækka þessa tölu.

Gettu Betur

Við eyddum slatta af peningum í þjálfara hérna líka, en fengum þó að eiga allt þeirra efni sem á eftir að koma sér vel í framtíðinni. Við fáum svo sýningarrétt. Fylgjast með því!

Þemaball

Blástursmælar, nei takk. Það sást greinilega að það gengur ekki að láta alla blása. Það myndast langar biðraðir úti í kuldunum, pirringur og já edrú fólk mælist fullt. Það að hafa einn mæli á bakvið og velja þá sem virkilega eru ölvaðir og láta þá blása virkar mjög vel, bæði fyrir nemendafélagið og skólann.

Þórsmerkurferð

Ég veit ekki hversu oft við þurfum að fara í svona ferð til þess að sjá að það borgar sig ekki. ÞAÐ BORGAR SIG EKKI. Mikið óskipulag var í kringum ferðina. Einnig voru unnar skemmdir á húsnæði og hlutum sem hefði í raun átt að leggjast á þá fáu sem fóru í ferðina.

Stelpu- & Karlakvöld

Kvöldin heppnuðust mjög vel. Hins vegar var matarkostnaður nokkuð dýr.

Hljóðneminn + ball

Flott keppni, vel mætt. Haldin í FS.

MARSrokk

Flottir tónleikar, en einum of dýrir. Þurfum að passa okkur á Andrew's. Þeir leigja bara húsið, en það er ekki með leyfi svo allur kostnaður varðandi öryggi og leyfi er ekki innifalinn í verðinu.

Vizkustykki

Gömul hefð endurvakin, tapið alls ekki stórt miðað við aðra viðburði ársins.

1 .blað: 264.700 kr.

2. blað 380.000 kr.

Hönnuður: 170.000 kr.

Heildarkostnaður: 814.700 kr.

Styrkir úr auglýsingum: 666.000 kr. – Heildartap: 148.700 kr.

Akureyri

Söngkeppni framhaldsskólanna. Við buðum nemendum upp á frábært tilboð á ferðina.

Árshátíðarball

Enn og aftur misstum við okkur í gleðinni og héldum stórt ball.

STEF

Við fengum að vita það í lok annar að ef að við tilkynnum þeim að við séum með tónleika og sendum inn eyðublað jafn óðum þá er það allt að 25% ódýrara en þeirra gjaldskrá segir til því þá þurfa þeir ekki að leita viðburðinn uppi. Gerum þetta í framtíðinni þar sem við þurfum hvort eð er að borga þennan kostnað.

STEFgjöld: 150.665 kr.

Heimasíðan nfs.is

Fastir liðir – ath. gjaldskrá gæti breyst með tímanum.

Síminn: 1388 kr. p.m.

Netsamskipti: 990 kr. p.m.

Ársgjald: 7918 kr.

S.Í.F.

Við borgum aðildargjald í samtökin sem nema 100 krónum á hvern félagsmann.

Þinggjald: 17.500 kr.

Aðildargjald: 71.300 kr.

Lokaorð

Skemmtilegur vetur að baki þar sem peningum var vel spanderað. Hér að aftan eru svo allar fundargerðir frá stjórnarfundum ásamt aðalfundi sem haldinn var fyrir þetta skólaár. Í þeim er að finna nánari athugasemdir við hvern viðburð ef þess er þörf.